


ANTIKA EHF 2023

Strandminjar Melrakkaslétu

**Ásta Rakel Viðarsdóttir, Anna Soffía Ingólfssdóttir,
Hermann J. Hjartarson, Rúna K. Tetzschner og Lilja Björk Pálsdóttir**





Mynd 1. Dreifing fornleifa á Melrakkaslétu.

Forsíðumynd: Tóftaþyrping á Grjótnesi, líklega af verbúðum

Ritstjóri: Ragnheiður Traustadóttir

Uppsetning: Rúna K. Tetzschner

[www. antikva.is](http://www.antikva.is)

Útgefandi: Antikva ehf.

Verkefnanúmer MÍ: 2909

Verkefnið er styrkt af Fornminjasjóði

Ljósmyndir í ritinu eru teknar af starfsmönnum Antikva ehf. nema annað sé tekið fram

© Antikva ehf. og skýrsluhöfundar

Efnisyfirlit

Inngangur	13
Melrakkaslétta	13
Fornleifaskráning	14
Heimildasöfnun og vettvangsskráning	15
Grjótnes	17
Grjótnes [2909-450] bæjarhóll	17
Smiðja – Smiðjuhóll [2909-451] heimild	19
Vöruskemmi [2909-452] heimild	19
Útihús? [2909-493] Tóft	19
Tumhús – fjárhús, reykhus, snjógeymsla, hjáleiga [2909-453] tóft	20
Fjárhús [2909-454] tóft	22
Túngarður [2909-494] garður	24
Óþekkt [2909-495] tóft	24
Vindmylla [2909-455] heimild	25
Kofi [2909-456] tóft	26
Kirkjuhóll – bænhus [2909-458] heimild	26
Útihús [2909-489] tóft	28
Hesthús, bílskur, reykhus [2909-481] hola	28
Túngarður [2909-475] garður	29
Hesthús og hlaða? [2909-476] tóft og lambhús? [2909-477] tóftir	30
Matjurtagarður? [2909-478] tóft	32
Garður [2909-496] garðlag	33
Girðingarstæði [2909-497] tóft	35
Garður [2909-479] garðlag	35
Útihús [2909-498] tóft	35
Garðar [2909-490 / 491 / 492] garðlög	36
Lending [2909-488] heimild	37
Verbúðir [2909-482 / 483 / 484 / 485 / 486 / 487] tóftir	38
Vörðuás [2909-459] heimild	41
Oddstaðagötur [2909-460] heimild	41
Stekkur? [2909-461] heimild	41

Gömluborgir [2909-463] fjárborg	41
Fjánhús [2909-457] tóft	42
Sjóbúð [2909-462] tóft	43
Sel [2909-470] heimild	43
Dys [2909-465] heimild	44
Óþekkt [2909-499] tóft	44
Óþekkt [2909-1032] tóft	44
Óþekkt [2909-1033] tóft	46
Vatnsgata [2909-464] heimild	46
Smalabyrgi – Stórabyrgi [2909-466] heimild	46
Kílsnes [2909-467] bæjartóft	46
Útihús [2909-472] tóft	47
Fjánhús [2909-473] tóft	49
Útihús [2909-474] tóft	49
Útihús [2909-1017] tóft	51
Túngarður [2909-1018 / 1019 / 1021] garður	51
Túngarður [2909-1020] garður	55
Óþekkt [2909-1022] tóft	55
Óþekkt [2909-1023] tóft	56
Óþekkt [2909-1024] tóft	56
Óþekkt [2909-1025] tóft	57
Óþekkt [2909-1010] tóft	59
Óþekkt [2909-1011] tóft	59
Óþekkt [2909-1012] tóft	59
Túngarður [2909-1013] og [2909-1014] garður	61
Verbúðir? [2909-1015] tóft	61
Óþekkt [2909-1016] tóft	62
Fjánhús / fjárborg – Kílsnesborg [2909-468] og hlaða [2909-1009] tóftir	62
Kálgarður? [2909-1008] tóft	65
Verbúðir? [2909-1000 / 1001 / 1002 / 1003 / 1004 / 1005 / 1006 / 1007 / 1031] tóftir	65
Útihús [2909-1029] og [2909-1030] tóftir	67
Hraun – Bær [2909-480] tóft	68

Hvalgröf [2909-1026] dæld.....	70
Sjómerki [2909-1027] varða	70
Sjómerki [2909-1028] varða	70
Þjóðsaga – Bangsapúfa [469] heimild.....	71
Þýfugata / Þýfisgata [471] heimild.....	71
Núpskatla	72
Núpskatla [2909-500] bæjarhóll.....	73
Fjánhús [2909-501] tóft	73
Lambhús [2909-502] tóft	74
Útihús [2909-503] tóft.....	75
Lautinantsvarða – landamerki [2909-504] og varða – landamerki [2909-505] heimild	76
Heimastavarða [2909-506] heimild.....	76
Miðvarða [2909-507] varða	77
Stekkur [2909-508] heimild	77
Fremstavarða [2909-509] varða	77
Hlaða, reykhus, grafreitir [2909-510] tóft.....	77
Túngarður [2909-511] garðlag.....	78
Túngarður [2909-512] og [2909-513] garðlag.....	80
Útihús [2909-514] tóft.....	80
Húsgrunnur [2909-516] steiptur grunnur	81
Hundakofi? [2909-517] steiptur grunnur	81
Sjóbúð? [2909-515] tóft	83
Útihús [2909-518] tóft.....	83
Túngarður [2909-519] garðlag.....	83
Sigurðarstaðir.....	85
Sigurðarstaðir [2909-650] heimild.....	86
Útihús [2909-665]	87
Lambhús [2909-664] heimild.....	87
Kirkjuhóll [2909-654] heimild.....	87
Fjárborg [2909-651] heimild.....	87
Langabrá [2909-652] brú	87
Rjómastaðir – geitakofi [2909-653] heimild.....	87

Vörður og leið [2909-655] heimild	88
Torfastaðir [2909-656] bæjarstæði.....	88
Útihús [2909-657] tóft.....	88
Strandasel – Sigurðarstaðasel [2909-658] heimild	88
Langhúsaborg – Vesturborg [2909-659] heimild um fjárborg	89
Þorbjarnarstaðir [2909-660] býli – sel	89
Túngarður [2909-667] garðlag.....	91
Útihús [2909-668] tóft.....	91
Útihús [2909-669] tóft.....	92
Útihús [2909-670] tóft.....	92
Útihús [2909-671] tóft.....	94
Útihús [2909-672] tóft.....	94
Beitarhús [2909-661] tóft og kvíar [2909-662] heimild.....	95
Svarðarmýri – mógrafir [2909-663] heimild.....	95
Svarðarholt – mógrafir [2909-666] heimild	96
Samantekt.....	96
Heimildir	98
Örnefnaskrár:.....	98
Túnakort:	98
Oddsstaðir	99

Myndaskrá

Mynd 1. Dreifing fornleifa á Melrakkaslétu.....	2
Mynd 2. Túnakort Grjótness frá 1920.....	16
Mynd 3. Flygildismynd af bæjarhól Grjótness [450].....	18
Mynd 4. Horft yfir tóftir í bæjarhól Grjótness [450].	18
Mynd 5. Smiðjuhóll [451] er horfinn en hefur líklega verið þarna á bakkanum ofan sjávar.	19
Mynd 6. Tóft [493]. Englandstjörn t.v.....	20

Mynd 7. Tumhús [453], vestan í túni Grjótness, um 40 m frá sjó.	21
Mynd 8. Tumhús [453] gegndi ýmsum hlutverkum á mismunandi tímum: fjáhús, reykhus, snjógeymsla og býli.	21
Mynd 9. Tóftin frá Tumhúsi [453] að innanverðu, hlaðið úr fjörugrjóti og torfi; burðarvirki úr rekavið er að hluta uppistandandi.	22
Mynd 10. Tumhús [453].	23
Mynd 11. Tumhús [453] t.v. og fjárhús [454] t.h.	23
Mynd 12. Fjárhús [454].	24
Mynd 13. Vestri túngarður [494], norðvestan við Grjótnes nær frá fjöru til Englandstjarnar.	24
Mynd 14. Tóft [495] á lækjarbakka norðan við nyrðri túngarð [494] Grjótness.	25
Mynd 15. Vindmylla á að hafa staðið hér en minjar eru ekki sýnilegar.	26
Mynd 16. Ógreinileg kofatóft [456].	27
Mynd 17. Ekkert sést af Kirkjuhól eða bænhúsi [458] á yfirborði en það gæti hafa staðið á þessu þýfða svæði.	27
Mynd 18. Tóft [489] áföst vestri túngarði [475] Grjótness.	28
Mynd 19. Mögulega eru þarna leifar af grunni kofa [481] sem notaður var sem hesthús, bílskúr og reykhus.	29
Mynd 20. Eystri túngarðurinn [475] við Grjótnes liggur milli sjávar og Englandstjarnar.	29
Mynd 21. Eystri túngarður [475] Grjótness. V.m. upp við hann sést hola [481] og h.m. er tóft [489].	30
Mynd 22. Tóft [476] gæti verið af hesthúsi og hlöðu.	31
Mynd 23. Tóft [477] hlaðin úr torfi og grjóti.	32
Mynd 24. Tóft [476] nær og tóft [477] nokkru fjær.	32

Mynd 25. Matjurtagarður [478].	33
Mynd 26. Garðlag [496].	34
Mynd 27. Gamalt girðingarstæði? [497].....	34
Mynd 28. Garður [479].	35
Mynd 29. Tóft [498].	36
Mynd 30. Garður [491] sem liggur milli tjarnarenda Englandstjarnar og skilur tangann England frá túni Grjótness.....	37
Mynd 31. Garður [492].	37
Mynd 32. Lending [488] í Geirsvík gæti hafa verið á þessum slóðum.....	38
Mynd 33. Verbúðir [482 / 483 / 484 / 485 / 486 / 487].	39
Mynd 34. Verbúðir [482 / 483 / 484 / 485 / 486 / 487].	40
Mynd 35. Verbúðir [482 / 483 / 484 / 485 / 486 / 487].	40
Mynd 36. Flygildismynd af fjárhúsum[457].....	42
Mynd 37. Tóft af sjóbúð [462] sem er í mikilli hættu vegna ágangs sjávar.	43
Mynd 38. Tóft [499]. Horft vestur að fjöru (v.m.) og tjörn (h.m.).	44
Mynd 39. Tóft [1032].	45
Mynd 40. Dæld [1033]. Horft suðaustur.....	45
Mynd 41. Flygildismynd af bæjartóft í Kílsnesi [467].	47
Mynd 42. Hluti bæjartófta í Kílsnesi [467].....	48
Mynd 43. Tóft [472], austan megin í túni Kílsness [467].....	48
Mynd 44. Tóft [473] af fjárhúsi sem hefur verið byggt við suðurenda túngarðsins [1018] við Kílsnes.....	49

Mynd 45. Tóft [474] skammt utan við túngarðinn [1019] við Kílsnes [467].	50
Mynd 46. Tóft [1017] innan túngarðs [1018] við fjárhús [473]. Hún er í mikilli hættu vegna nálægðar við sjó.	50
Mynd 47. Flygildismynd af útihúsatóftum og túngarði [1019] við Kílsnes [467]. Túngarðinn má sjá fyrir miðju og er fjárhús [473] byggt utan í hann (h.m.) og útihús [1017] við það rétt innan garðs. Útihúsatóft [472] er einnig innan við túngarðinn fremst á myndinni og skammt fyrir utan hann er útihúsatóft [474]	51
Mynd 48. Brot [1021] af grjóthlöðnum vesturenda túngarðsins við Kílsnes.	52
Mynd 49. Vesturendi túngarðsins [1021 / 1019] við Kílsnes.	53
Mynd 50. Tvíhólfa tóft í norðurhorni túngarðsins [1019] við Kílsnes [467].	53
Mynd 51. Syðsti hluti túngarðsins [1018] við Kílsnes.	54
Mynd 52. Flygildismynd af túngarðinum við Kílsnes. Efst á myndinni sést hinn grjóthlaðni hluti túngarðsins [1021 og 1019] sem liggur frá sjávarbakka norðan túnsins. Tvíhólfa tóft er innan í horninu þar sem túngarðurinn [1019] beygir og liggur áfram suðaustur að sjó.	54
Mynd 53. Garður [1020] liggur milli bæjarhólsins [467] og túngarðs [1019] og skiptir túni Kílsness í tvennt.	55
Mynd 54. Tóft [1022] norðan við Kílsnes.	56
Mynd 55. Tóft [1023].	57
Mynd 56. Tóft [1024] er nokkuð frá fjörunni.	57
Mynd 57. Lítil hringlaga tóft [1025].	58
Mynd 58. Tóft [1010] er á tjarnarbakka.	58
Mynd 59. Tóft [1011] er mjög ógreinileg.	59
Mynd 60. Horft suður eftir grasi grónu eiði sem skilur milli tjarnar og sjávar. Fremst sést tóft [1012].	60

Mynd 61. Garðbrot [1013] við tjarnarenda.....	60
Mynd 62. Flygildismynd. Fremst má sjá stóra tóft [1015] með fjórum hólfum en aftar t.h. er minni tóft [1016].	61
Mynd 63. Tóft [1016] snýr að sjónum.	62
Mynd 64. Steinsteyppt hlöðutóft [2009] v.m. og fjárhústóft [468] hlaðin úr torfi og grjóti h.m. ..	63
Mynd 65. Steinsteyppt hlaða [1009].	64
Mynd 66. Flygildismynd af fjárhústóft [468] hlaðinni úr torfi og grjóti og steinsteyptri hlöðutóft [1009].	64
Mynd 67. Leifar af kálgarði? [1008].	65
Mynd 68. Flygildismynd af verbúðatóftum sunnan við tjörn. Efst v.m. á myndinni sést fjáhús [468] og hlaða [2009].	66
Mynd 69. Tóft [1029].	67
Mynd 70. Tóft [1030].	68
Mynd 71. Fjórskipt tóft frá Hrauni [480], býli sem var í ábúð 1861-1874.	69
Mynd 72. Hvalgröf [1026]. Náttúrulegt?	69
Mynd 73. Varða [1027].	70
Mynd 74. Varða [1028].	71
Mynd 75. Túnakort Núpskötl.	72
Mynd 76. Bæjarhóll Núpskötl. [500].	73
Mynd 77. Fjárhústóft [501].	74
Mynd 78. Tóft af lambhúsi? [502].	75
Mynd 79. Tóft [503] full af fjörugrjóti sem sjórin hefur varpað í hana.	76

Mynd 80. Stekkur [508] hefur líklega verið á þessum slóðum.....	77
Mynd 81. Þarna var hlaða og reykhus [510] og að sögn fundust mannabein þegar grafið var fyrir stoðarholum.....	78
Mynd 82. Leifar af illa förnum túngarði [511] sem liggur að hluta meðfram vegi.	79
Mynd 83. Túngarðsbrot [513] alveg upp við Kötluvatn.	79
Mynd 84. Framhald túngarðs [512] sem liggur norður frá Kötluvatni í átt að fjöru.	80
Mynd 85. Lítil hringlaga tóft [514], sennilega af einhverju útihúsi.....	81
Mynd 86. Húsgrunnur [516] með steiptum köntum á bæjarhól Núpskötlu.	82
Mynd 87. Grunnur frá hundakofa? [517].....	82
Mynd 88. Lítil hringlaga tóft [515], kannski af sjóbúð.....	83
Mynd 89. Ógreinileg tóft [518] frá einhverju útihúsi.	84
Mynd 90. Túngarður [519] sem liggur meðfram Kötluvatni.	84
Mynd 91. Túnakort Sigurðarstaða frá 1920.	86
Mynd 92. Tóftir Þorbjarnarstaða [660].	89
Mynd 93. Heilmiklar tóftir eru þar sem Þorbjarnarstaðir [660] voru.	90
Mynd 94. Tóftir Þorbjarnarstaða [660].	90
Mynd 95. Túngarður [667] Þorbjarnarstaða [660] er mjög ógreinilegur en þó sýnilegur.	91
Mynd 96. Tóft [668] á bakka Sigurðarstaðavatns, rétt norðan við syðri enda túngarðsins [667] á Þorbjarnarstöðum [660].	92
Mynd 97. Tóft [669] af útihúsi sem byggt hefur verið utan í túngarðinum [667].	93
Mynd 98. Tóft [670] er byggð utan í túngarð Þorbjarnarstaða [660].	93

Mynd 99. Tóft [671] fremst, tengd túngarðinum [667] sem sést liggja á ská niður að vatni lengra í burtu. 94

Mynd 100. Tóft [672] norðan bæjartóftar [660] og upp við gamalt Esso hús. 95

Inngangur

Markmið rannsóknarinnar var að fá yfirsýn yfir fjölda, gerð og ástand strandminja á Melrakkaslétta með því að skrá jarðir við sjávarsíðuna. Verkefnið fól í sér viðamikla heimildasöfnun þar sem farið var yfir fornrit, jarðabækur, örnefnalýsingar, túnakort, loftmyndir, eldri fornleifaskráningu og fleiri heimildir. Unnið var úr heimildum um nítján jarðir á Melrakkaslétta en í skýrslunni er sérstaklega fjallað um minjar í Grjótnesi, Núpsköttu og á Sigurðarstöðum. Fleiri minjar voru þó mældar upp á Sigurðarstöðum en hér er talið og minjar voru líka mældar á Oddsstöðum. Auk þess voru minjar staðsettar á Daðastöðum, Arnarstöðum, Presthólum, Katastöðum, Valþjófsstöðum, Brekku, Kópaskeri, Snartarstöðum, í Leirhöfn, Blikalóni, Rífi, Skinnalóni, á Ásmundarstöðum, Harðbaki og í Raufarhöfn. Jafnframt voru teknar ljósmyndir og loftmyndir með flygildi. Skýrslunni fylgja uppmælingargögn sem sett hafa verið í Intrasis gagnagrunn. Skráningin hlaut verkefnanúmerið 2909 hjá Minjastofnun Íslands.

Melrakkaslétta

Melrakkaslétta, eða Sléttan, eins og heimafólk kallar svæðið, er nyrsti hluti skagans milli Öxarfjarðar og Þistilfjarðar. Þar er meðal annars að finna nyrsta tanga Íslands, Rifstanga. Melrakkaslétta byggðist samkvæmt *Landnámu* þegar við landnám. Reistir Bjarneyja-Ketilsson og Hildar nam allan vesturhluta Sléttunnar milli Reistargnúps og Rauðagnúps og bjó í Leirhöfn en Arngeir nam allan austurhlutann milli Hávararlóns eða Núpskötluvatns og Sveinungsvíkur.¹

Land hentar vel til sauðfjárræktar og líklegast hefur landbúnaður alla tíð verið megin undirstaða íbúa Sléttunnar. Fé hefur getað sótt í fjörugróður og gengið nær sjálfala. Auk landbúnaðar hefur útræði verið mikilvæg búgrein, sem og selaveiðar, en stutt er í fengsæl fiskimið og sellátur voru einnig aðgengileg. Nokkrir verstaðir eru þekktir og er þar helst að nefna Hraunhöfn, Leirhöfn, Skálalón og Geirsvík, auk Raufarhafnar sjálfrar sem nú er stærsti þéttbýlisstaður svæðisins. Sjósókn var líka stunduð frá hverjum bæ líkt og víðar á landinu. Enn eru búskapur og útgerð við ströndina og má ætla að svo hafi verið frá upphafi.

¹ Íslensk fornrit I, 1968, 285.

Fornleifaskráning

Samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, sem tóku við af Þjóðminjalögum nr. 107/2001 þann 1. janúar 2013, njóta fornleifar friðunar og eru þannig verndaðar gegn hvers kyns raski.

Í 3. mgr. 3. gr. laga um menningarminjar eru fornleifar skilgreindar með svofelldum hætti:

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.²

Í 21. gr. laga um menningarminjar er kveðið á um verndun fornleifa:

„Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.

Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun

² Lög um menningarminjar, 2012, 3. gr.

Íslands rannsaka fornleifar með uppgrefti eða á annan hátt.³

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning hefur mikið rannsóknargildi fyrir minjavörsluna og kemur meðal annars að notum við rannsóknir, kynningu og ákvarðanatöku um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Fornleifaskráning fer þó oftast fram í tengslum við fyrirhugaðar framkvæmdir enda þarf svo að vera samkvæmt 16. gr. laga um menningarminjar áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi.⁴ Tilgangurinn er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum og minnka líkur á að framkvæmdaaðilar rekist á óþekktar fornleifar sem hefur í för með sér kostnaðarsama björgunaruppgrefti. Hér þarf hins vegar að hafa í huga að án framkvæmda eða einhvers konar yfirvofandi hættu er ekki lagaleg skylda að ráðast í skráningu strax og af því leiðir að merkileg minjasvæði geta orðið útundan eða mæta afgangi. Samanborið við önnur svæði á Íslandi hefur til dæmis talsvert vantað upp á fornleifaskráningu á Melrakkaslétu sem hefur aðallega farið fram í tengslum við framkvæmdir og deiliskipulag við þéttbýliskjarnana í Raufarhöfn, á Kópaskeri og Oddsstöðum en minjarnar voru þá ekki mældar upp. Fram til þessa hefur aðaláherslan í fornleifarannsóknum á sjávarútvegi á Íslandi auk þess verið á vesturhelmingi landsins þar sem fjöldi verstöðva var hvað mestur, fyrir utan einstaka verstöðvar í öðrum landshlutum.

Heimildasöfnun og vettvangsskráning


Fyrirmyndin að uppsetningu skýrslunnar er sótt til hefðbundinnar fornleifaskráningar og eru minjar flokkaðar undir þá jörð sem þær tilheyra. Þær eru auðkenndar með sérheiti ef finnst og númeri, til dæmis „Kirkjuhóll [2909-458]“ eða hlutverki: „sel [2909-470]“. Síðan er tegund yfirleitt nefnd á eftir númeri til frekari skýringar, svo sem tóft eða bæjarhóll. Ef stendur heimild á eftir númeri þá hafa ekki fundist fornleifar á vettvangi. Fyrsta númer innan hornklofa er verkefnanúmer Minjastofnunnar en hið seinna er númer skráningarinnar í landfræðilegum gagnagrunni Antikva ehf. yfir fornleifar, örnefni og sögulegar minjar á Melrakkaslétu.

Þar sem til eru eldri skráningarnúmer er vísað til þeirra neðanmáls. Greint er frá afstöðu minja í landslaginu, þeim og staðháttum lýst, bæði formi, umfangi og ástandi. Tegund og hlutverki er

³ Lög um menningarminjar, 2012, 21. gr.

⁴ Lög um menningarminjar, 2012, 16. gr.

lýst í fáum orðum, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, kálgarð, túngarð og þar fram eftir götunum. Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu þótt þeirra sé getið í heimildum og geta þá verið horfnar eða leynst undir yfirborði.



Mynd 2. Túnakort Grjótness frá 1920.

Grjótnes

Grjótnes er fyrst nefnt í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* árið 1712: „Grjótnes. Hálfkirkja er hér og embættað þá heimafolk er til sacramentis og jafnvel oft þegar þess er óskað, og gelst prestinum fyrir þá þjónustugjörð sem hann hefur hér og á Ásmundarstöðum tveir fjórðungar fiska af hvörjum bónda á allri Sléttu, svo sem gömul venja hefur verið. Jarðardýrleiki v 6, og svo að fornu. Betalast með 6 vættum fiska hér heima. Leigukúgildi ij í næstu 10 ár, áður ii. Leigur betalast með fiski hér heima. Skip landsdrottins hér sem áskilið er að ábúandi rói til fiskjar, sem áður segir um Kílsnes. Kvikfé ii kýr, i naut veturgamalt, xxxvii ær, xxviii sauðir tvævetrir og eldri xv veturgamlir, xii lömb, ii hestar, i hross. Fóðrast kann ij kýrþungi. Útigangur sem áður segir um Kílsnes eður litlu lakari. Torfstunga næg, rista lök. Eggver af kríu lítið og varla teljandi. Selveiði af vöðusel hefur að fornu verið nokkur, en engin í 60 eður 70 ár. Rekavon í betra lagi, heppnast misjafnt eftir árferðri og ekki framar en til húsbyggingar í margt ár. Engjar öngvar. Úthagar eru bjarglegir. Kirkjuvegur hálf þingmannaleið, og sækir fólk hér sjaldan kirkju á vetur, nema þá heima er embættað. Heimræði er hér og gott skipsuppsátur, en lendingin mjög stórgrýtt, og þarf því árlega að ryðja vörina með stórerfiði. Eitt skip landdrottins gengur hér nú, og því getur ekki bóndinn skip átt að hann getur ekki tveimur fleytt fyrir fólkfæði. Geirs Vijk heitir örnefni út með sjónum. Verstaða er þar, sem viðhelst lengst af til bólunnar, og gengur þar flest 6 eður 7 skip, oftast færri, um nokkurn tíma á sumrin. Vertollur var lóðarfiskur í undirgift skipanna til landsdrottins, en ekki vita nálægir að heimabóndinn hefði not af því gjaldi. Verskalar hafa verið 5 eður 6, og byggðu skipeigendur þá af rekanum og brúkuðu landið til ristur og stungu. Sjófólkið elti morvið af rekanum og smáfengnu rifhrísi sem þá fékkst í landinu.“⁵

Grjótnes [2909-450] bæjarhóll

Í örnefnaskrá segir: „Á Bæjarhól var gamli bærinn, rétt norðaustur af timburhúsinu, sem nú er, og fast suðaustur af steinhúsinu, sem nú er. U. þ. b. 4-5 m voru á milli steinhússins og gamla bæjarins.“⁶ Bæjarhóllinn er 25 x 18 m að stærð. Enn sést móta fyrir ógreinilegum tóftum á honum. Sjá má tvö rými. Hið stærra er 8 x 3 m og í því er nokkurt stórgrýti en einnig sést í grjót sem hefur verið í vegghleðslum. Minna rýmið er óljósara, hringlaga og 2,5 m í þvermál.

Hættumat: engin hættu.

⁵ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*, XI, 1943, 337-338.

⁶ Ö-Grjótnes, 1.



Mynd 3. Flygildismynd af bæjarhól Grjótness [450].



Mynd 4. Horft yfir tóftir í bæjarhól Grjótness [450].

Smiðja – Smiðjuhóll [2909-451] heimild

Í örnefnaskrá segir: „Suðvestur af íbúðarhúsinu í Grjótnesi I er hóll, sem heitir Smiðjuhóll; er nú horfinn.“⁷ Engin ummerki voru um Smiðjuhól en hnit voru tekin þar sem hann stóð.

Hættumat: engin hætta



Mynd 5. Smiðjuhóll [451] er horfinn en hefur líklega verið þarna á bakkanum ofan sjávar.

Vöruskemma [2909-452] heimild

Í örnefnaskrá frá árinu 1973 segir: „Upp af Vörinni, norðan á kambinum, heitir Malarskemma; hún er nú horfin.“⁸

Útihús? [2909-493] Tóft

Nokkuð hringlaga tóft úr torfi er upp við vegslóðann sem liggur frá Grjótnesi norðvestur í áttina að Geirsvík. Hún er í túninu milli sjávar og Englandstjarnar, um miðja vegu milli núverandi íbúðarhúsa í Grjótnesi og nyrðri túngarðs [494]. Tóftin er 6,5 x 5 m að stærð og snúa dyr í suðvestur.

Hættumat: hætta, vegna nálægðar við sjó

⁷ Ö-Grjótnes, 1.

⁸ Ö-Grjótnes, 1.



Mynd 6. Tóft [493]. Englandstjörn t.v.

Tumhús – fjárhús, reykhus, snjógeymsla, hjáleiga [2909-453] tóft

Í örnefnaskrá segir: „Yzt á túninu er holl með húsi á; það heitir Tumhús. Maður, kallaður Tumi, hengdi sig eitt sinn í þessu húsi. Það er nú notað sem reykhus. Önnur fjárhús voru áður á Tumhúshól. Hætt var síðan að hafa fé í þeim og hafður í þeim snjór til að selja Færeyingum, en þeir voru þá á færum hér við Slétu. Síðast þegar snjór var seldur, var pokinn seldur á eina krónu.“⁹ Húsið er merkt inn á túnakort.¹⁰ Nafnið Tumhús á sér kannski aðra skýringu en segir í örnefnaskrá. í *Sléttungu* II er sagt að það sé dregið af gamalli hjáleigu sem þarna hefur verið og einnig tekið fram að árið 1762 var maður að nafni Tumi Jónsson ábúandi í Kílsnesi og gæti hafa búið í þessari hjáleigu.¹¹

⁹ Ö-Grjótnes, 2.

¹⁰ *Túnakort Grjótness*.

¹¹ *Sléttunga* II, 2016, 128.



Mynd 7. Tumhús [453], vestan í túni Grjótness, um 40 m frá sjó.



Mynd 8. Tumhús [453] gegndi ýmsum hlutverkum á mismunandi tímum: fjáhús, reykhus, snjógeymsla og býli.

Tóftin frá Tumhúsi er enn vel sýnileg, í túninu rúmlega 40 m frá fjörunni. Útveggir eru allir uppistandandi. Tóftin sem er 20 x 7 m liggur norðvestur – suðaustur en í norðvesturhluta hennar er rými sem hefur verið yfirbyggt og torfhlaðinn veggur með hurðargati aðskilur það frá SA hluta tóftarinnar. Rýmið er 5 x 3 m að stærð. Timbur hefur verið notað til þess að halda þakinu uppi en í rýminu eru allnokkrar spýtur. Í suðaustuhluta tóftarinnar sést móta fyrir garða. Veggirnir eru grjóthlaðnir neðst og torf hlaðið ofan á.

Hættumat: engin hætta



Mynd 9. Tóftin frá Tumhúsi [453] að innanverðu, hlaðið úr fjörugrjóti og torfi; burðarvirki úr rekavið er að hluta uppistandandi.

Fjárhús [2909-454] tóft

Í örnefnaslýsingu er líka sagt frá öðru fjárhúsi á Tumhúshól.¹² Húsið er merkt inn á túnakort.¹³ Tóft sem er varðveitt við hliðina á Tumhúsi, austan við það, er líklega af þessu fjárhúsi. Hún liggur einnig norðvestur – suðaustur og er 20 x 7,7 m að stærð. Tóftin hefur tvö rými og er hið nyrðra 6,5 x 2,5 m með inngang við norðurhornið sem snýr í norðaustur. Syðra rýmið er 6 x 3 m með inngang í austurhorninu sem snýr í suðaustur. Ekki virðist vera innangengt á milli rýmanna. Rof er í veggjunum og þá sérstaklega í norðausturhlið tóftarinnar.

Hættumat: engin hættu

¹² Ö-Grjótnes, 2.

¹³ Túnakort Grjótness.



Mynd 10. Tumhús [453].



Mynd 11. Tumhús [453] t.v. og fjárhús [454] t.h.



Mynd 12. Fjárhús [454].

Túngarður [2909-494] garður

Norðvestan við túnið í Grjótnesi er grjóthlaðinn túngarður sem nær frá fjörunni að Englandstjörn. Tvö op eru á honum, eitt þar sem vegslóðinn fer í gegn og annað minna með hliði í. Garðurinn er 120 m að lengd.

Hættumat: hætta vegna nálægðar við sjó og tjörn



Mynd 13. Vestri túngarður [494], norðvestan við Grjótnes nær frá fjöru til Englandstjarnar.

Óþekkt [2909-495] tóft

Hringlaga tóft er á bakka lækjar sem rennur vestur frá Englandstjörn til sjávar, norðan við vestri túngarð [494] Grjótness. Hún er 7 x 5 m og inngangur inn í hana austan megin.

Hættumat: engin hætta



Mynd 14. Tóft [495] á lækjarbakka norðan við nyrðri túngarð [494] Grjótness.

Vindmylla [2909-455] heimild

Í örnefnaskrá segir: „Suðvestur af [Kirkjuhól] er Mylluhóll. Á honum var vindmylla. Í henni mun hafa verið malað eftir aldamót.“¹⁴ Engin ummerki fundust um vindmyllu en hnit voru tekin þar sem talið er að hún hafi staðið.

Hættumat: engin hætta

¹⁴ Ö-Grjótnes, 2.



Mynd 15. Vindmylla á að hafa staðið hér en minjar eru ekki sýnilegar.

Kofi [2909-456] tóft

Í örnefnaskrá segir: „Austur af [vindmyllunni] var kofi.“¹⁵ Austur af Mylluhól, í túninu vestan við eystri túngarð [475] Grjótness var mæld inn tóft sem gæti verið þessi kofi. Tóftin liggur norður – suður en mörk hennar eru frekar óljós. Hún er um það bil 15 x 4 m að stærð og hefur tvö rými. Syðra rýmið er opið, um 4 x 2,5 m, en nyðra rýmið hefur útgang til vesturs og er um 4,5 x 1,5 m. Grjót er í hleðslunum.

Hættumat: engin hætta

Kirkjuhóll – bænhús [2909-458] heimild

Í örnefnaskrá segir: „Austur af [bæjarhólum] er Kirkjuhóll; þar var bænahús.“¹⁶ Engin ummerki eru um bænhúsið eða Kirkjuhól en hnit voru tekin þar sem talið er líklegt að hún gæti hafa verið staðsett.

Hættumat: engin hætta

¹⁵ Ö-Grjótnes, 2.

¹⁶ Ö-Grjótnes, 2.



Mynd 16. Ógreinileg kofatóft [456].



Mynd 17. Ekkert sést af Kirkjuhól eða bænhúsi [458] á yfirborði en það gæti hafa staðið á þessu þýfða svæði.

Útihús [2909-489] tóft

Tóft er áföst innri hlið eystri túngarðsins [475] við Grjótnes og er staðsett fyrir miðju hans. Hún hefur tvö rými, annað sem snýr norður – suður, 5 x 2,5 m að stærð og hefur útgang til suðurs, og hitt snýr austur – vestur, 4 x 2,5 m að stærð og hefur útgang til vesturs. Grjóthleðsla sést greinilega í vesturvegg syðra rýmisins.

Hættumat: engin hætta



Mynd 18. Tóft [489] áföst vestri túngarði [475] Grjótness.

Hesthús, bílskúr, reykhus [2909-481] hola

Á túnakorti er merkt inn hús sem er upp við túngarðinn.¹⁷ Í *Sléttungu* II er sagt frá þessu húsi: „Enn er ótalið útihús sem stóð efst í „beðunum“ svo kölluðum, áfast við túngarðinn. Það var torfhús, upphaflega hesthús, en fékk það hlutverk að hýsa fyrsta bílinn á Grjótnesi, Gránun á meðan hún var í eigu Grjóthúsmanna. Síðast var þessi kofi notaður sem reykhus. Hann varð að láta undan tönn jarðýtu.“¹⁸ Á staðnum sést mjög óljós tóft eða mögulega grunnur frá mannvirki,

¹⁷ Túnakort Grjótnes.

¹⁸ *Sléttunga* II, 2016, 128.


Þ.e. í raun bara nánast hringlaga hola í jörðinni áföst túngarðinum, 3 m í þvermál. Enginn augljós inngangur er sýnilegur og óvíst hvort þetta séu leifar hesthússins.

Hættumat: engin hætta



Mynd 19. Mögulega eru þarna leifar af grunni kofa [481] sem notaður var sem hesthús, bílskúr og reykhús.

Túngarður [2909-475] garður



Mynd 20. Eystri túngarðurinn [475] við Grjótnes liggur milli sjávar og Englandstjarnar.

Túngarður Grjótness, austur af Grjótnesi, nær alveg frá fjörunni, norðaustur og norður að Englandstjörn, allt að 285 m langur. Hann er hlaðinn úr grjóti og torfi og girðing ofan á honum. Rof er í honum á tveimur stöðum, fyrir nýja og gamla veginn. Túngarðurinn sést vel á loftmyndum.

Hættumat: hætta við vesturenda túngarðsins, vegna nálægðar við sjó



Mynd 21. Eystri túngarður [475] Grjótness. V.m. upp við hann sést hola [481] og h.m. er tóft [489].

Hesthús og hlaða? [2909-476] tóft og lambhús? [2909-477] tóftir

Í *Sléttungu* II er ritað um útihús [476] og [477]: „Skammt sunnan við [túngarðinn um heimatúnið...] sem tilheyrðu Timburhúsúinu. Þar var lambhúsið og hesthús með hlöðu á milli. Lambhúsið var bjart og rúmgott, veggir úr torfi en þak járnlætt. Hlaðan var einnig með járnlæddu þaki. Hesthúsið var torfhús og rúmaði 3-4 hesta.“¹⁹

¹⁹ *Sléttunga* II, 2016, 128.

Tóftir útihúsanna hafa varðveist. 66 m suðaustan við túnið í Grjótnesi er tóft [476], 25 x 7 m að stærð, torfhlaðnir veggir hennar að hluta til uppistandandi og inni í henni er mikið af timbri sem gæti hafa verið notað til þess að þilja veggj eða þakið. Torfhleðslan sést mjög vel í suðurhorninu og við norðausturhlið tóftarinnar hefur verið viðbygging en þar er steypur grunnur. Tóftin sést vel á loftmynd. Kannski hefur þarna verið hesthús og hlaða.

40 m suðaustan við tóft [476] er önnur tóft [477], 14,5 x 10 m að stærð. Hún er hlaðin úr grjóti og torfi og sést grjóthleðslan vel innan í henni en ofan á hleðslunni er torf. Í suðurhorninu er augljós inngangur og grjóthlaðinn gangur út. Þetta gæti þá verið lambhúsið.

Hættumat: engin hættu



Mynd 22. Tóft [476] gæti verið af hesthúsi og hlöðu.



Mynd 23. Tóft [477] hlaðin úr torfi og grjóti.



Mynd 24. Tóft [476] nær og tóft [477] nokkru fjær.

Matjurtagarður? [2909-478] tóft

Nokkuð austan við garð [496] er rétthyrnd tóft sem liggur norðaustur – suðvestur, 14,5 x 12 m að stærð, veggir um 0,5 m háir. Frá vesturhorninu liggur 18,5 m langur veggur í suðvestur. Líklega

hefur hefur þarna verið matjurtagarður og kannski hefur hann áður náð lengra suðvestur. Garðurinn sést á loftmynd.

Hættumat: engin hætta



Mynd 25. Matjurtagarður [478].

Garður [2909-496] garðlag

Utan og austan við eystri túngarð [475] Grjótness er mjög óskýr og illa farinn garður hlaðinn úr torfi og grjóti, bogadreginn en endarnir ná ekki saman vestan megin. Um 10-12 m eru frá vesturhliðinni yfir að túngarðinum. Garðurinn er um það bil 120 m langur en fjarar út við endana þannig að erfitt er að sjá hve langt hann nær.

Hættumat: engin hætta



Mynd 26. Garðlag [496].



Mynd 27. Gamalt girðingarstæði? [497].

Girðingarstæði [2909-497] tóft

Um 10 m austur af matjurtagarði [478] er U-laga tóft eða girðingarstæði, 10 x 9 m að stærð og opnast suður; girðing er á allri tóftinni. Óvíst er hvaða hlutverki mannvirkið hefur gegnt en þetta gæti hafa verið girðingarstæði.

Hættumat: engin hætta

Garður [2909-479] garðlag

Um 30 m sunnan við túngarðinn [475] við Grjótnes er annar garður, alls um 35 m langur og liggur frá slóðanum eða gamla veginum að nýja veginum. Túngarðurinn sést á loftmynd.

Hættumat: engin hætta



Mynd 28. Garður [479].

Útihús [2909-498] tóft

Nálægt fjörunni er tóft upp við veginn að Grjótnesi. Hún liggur norðvestur – suðaustur og er 13 x 6 m að stærð. Tvö rými eru í henni og inngangur í þau bæði á suðvesturhlið gegnt sjónum.

Hættumat: engin hætta



Mynd 29. Tóft [498].

Garðar [2909-490 / 491 / 492] garðlög

Englandstjörn er tvískipt og liggur tangi sem kallast England milli nyrðri og syðri hlutans. Túngarður sem aðskilur tangann frá túni Grjótness liggur úr suðvestri í norðaustur milli tveggja tjarnarenda Englandstjarnar. Ofan á garðinum er girðing og hlið er á honum. Styttri hlutinn [490] er 15 m langur en lengri hlutinn [491] um 37 m. Spölkorn í vestur, inni á tanganum Englandi, er annar minni túngarður [492]. Hann liggur suðvestur frá nyrðri tjarnarendanum og er 28 m að lengd.

Hættumat: hætta, vegna nálægðar við tjörn



Mynd 30. Garður [491] sem liggur milli tjarnarenda Englandstjarnar og skilur tangann England frá túni Grjótness.



Mynd 31. Garður [492].

Lending [2909-488] heimild

Í örnefnaskrá segir: „Lending var í Geirsvík, þar var helsta útræði Grjótnesinga fyrir á öldum.“²⁰ Engin ummerki eru um lendinguna en Geirsvík er norðan við Grjótnes og voru hnit tekin þar sem líklegt virðist að lendingin hafi verið staðsett.

Hættumat: engin hættu

²⁰ Sléttunga, II, 2016, 133.



Mynd 32. Lending [488] í Geirsvík gæti hafa verið á þessum slóðum.

Verbúðir [2909-482 / 483 / 484 / 485 / 486 / 487] tóftir

Í Jarðabók árið 1712 segir: „Geirs Vijk heitir örnefni út með sjónum. Verstaða er þar, sem viðhelst lengst af til bólunnar, og gengur þar flest 6 eður 7 skip, oftast færri, um nokkurn tíma á sumrin. Vertollur var lóðarfiskur í undirgift skipanna til landsdrottins, en ekki vita nálægir að heimabóndinn hefði not af því gjaldi. Verskálar hafa verið 5 eður 6, og byggðu skipeigendur þá af rekanum og brúkuðu landið til ristú og stungu. Sjófólkið elti morvið af rekanum og smáfengnu rifhrísi sem þá fékst í landinu.²¹ Í örnefnaskrá segir: „Sagt er að árið 1706 hafi verið 6 verbúðir við Geirsvík í Grjótnesi.“²² Síðan er bætt við: „Tættur eru utarlega upp af Geirsvík, og er álitíð, að Hollendingar hafi haft þar bækistöð.“²³ Mögulega er hér um sömu verbúðir að ræða.

Á vettvangi fannst tóftasamstæða með sex misgreinilegum rýmum við Geirsvík. Heildarstærðin er 16 x 10 m. Í einu rýminu er greinanleg grjóthleðsla. Tvö rýmin opnast suður í átt að sjó en þrjú

²¹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, XI, 1943, 337-338.

²² Sléttunga, II, 2016, 132-133.

²³ Ö-Grjótnes, 3.

rými eru með útganga sem snúa norður. Kannski hafa þetta verið verbúðir. Tóftasamstæðan er alveg við fjöruna og allt í kring er rekaviður svo greinilegt er að sjórinn getur farið yfir hana í miklum öldugangi.

Hættumat: hætta, vegna nálægðar við sjó



Mynd 33. Verbúðir [482 / 483 / 484 / 485 / 486 / 487].



Mynd 34. Verbúðir [482 / 483 / 484 / 485 / 486 / 487].



Mynd 35. Verbúðir [482 / 483 / 484 / 485 / 486 / 487].

Vörðuás [2909-459] heimild

Í örnefnaskrá segir: „Þaðan tekur við holt og grýttir móar í Vörðuás. Vörðuás gengur suður úr Hvammafjöllum.“²⁴ Örnefnið gefur til kynna að þarna hafi verið varða en hún er ekki lengur sýnileg.

Oddstaðagötur [2909-460] heimild

Í örnefnaskrá segir: „Yfir [Vörðuás] liggja Oddsstaðagötur, en Oddsstaðagötur eru á milli Grjótness og Oddsstaða.“²⁵

Stekkur? [2909-461] heimild

Í örnefnaskrá segir: „Fyrir miðju Borgartúninu er vík, sem heitir Skipavík. Sunnan við þá vík er Stekkshæð. Ofan við Stekkshæð er tún, sem heitir Stekkshæðartún. Norður af því er Ytra-Stekkhæðartún. Syðri hluti Stekkshæðartúns er nefnt Gamla-Stekkhæðartún. Það nær upp Borgarásinn vestanverðan. Suður af Stekkshæð er Stekkshæðartjörn.“²⁶ Enginn stekkur er sýnilegur á vettvangi.

Gömluborgir [2909-463] fjárborg

Í örnefnaskrá segir: Kríutjarnir liggja að svonefndu Borgartúni og austur af þeim er Borgarás. „Borgarástún [...] nær upp Borgarásinn vestanverðan.“ Norður og ofan af því er Stekkshæð, Stekkshæðartún og Stekkshæðartjörn. „Þar næst eru svo Gömluborgir.“²⁷ Ekki er sagt meira um þetta örnefni, en líklega er um að ræða gamla fjárborg. Á loftmynd sést hringlaga tóft á þessum slóðum.

²⁴ Ö-Grjótnes, 2.

²⁵ Ö-Grjótnes, 2.

²⁶ Ö-Grjótnes, 2-3.

²⁷ Ö-Grjótnes, 3.



Mynd 36. Flygildismynd af fjárhúsum[457].

Fjárhús [2909-457] tóft

„Suður af heimatúni heitir Borgartún; þar eru steinsteyppt fjárhús. Fjárborg var áður á Borgartúni á milli fjárhúsanna, sem nú eru. Tættur hennar sjást enn þá vel.“²⁸ Fjárhúsin eru greinileg á milli tveggja húsa, 27,5 x 17 m að stærð. Ytri veggirnir eru frekar óljósir fyrir utan norðurhlutann á norðvesturhlið þar sem grjóthlaðinn veggur með torfi hlöðnu ofan á er uppistandandi. Útveggirnir sjást þó allir vel á loftmynd og þar sést að tóftin hefur tvö rými og veggurinn á milli þeirra er uppistandandi. Í vestra rýminu eru tveir áberandi garðar, báðir grjóthlaðnir en annar einnig að hluta til steypdur. Op eru á milliveggnum þar sem garðarnir koma að honum svo heyið gæti hafa verið geymt í hinu rýminu og svo bætt í garðana um opin á veggnum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

²⁸ Ö-Grjótnes, 2.

Sjóbúð [2909-462] tóft

Á grænum bala alveg upp við grýtta fjöruna er U-laga tóft sem er 7 x 3 m að stærð. Hugsanlega er hún af sjóbúð. Tóftin er í mikilli hættu og gæti eyðilagst vegna ágangs sjávar.

Hættumat: hætta, vegna nálægðar við sjó



Mynd 37. Tóft af sjóbúð [462] sem er í mikilli hættu vegna ágangs sjávar.

Sel [2909-470] heimild

Í örnefnaskrá segir: „Vestur af Vætubrekku nyrzt er Kötluvatn. Sunnan við vatnið, vestan undir Vætubrekku, eru Seltjarnir. Seltjarnir eru tvær, en mjótt vatnssund er á milli þeirra. Sitt hvorum megin við það eru tangar, nefndir Ytri-Seltjarnartangi og Syðri-Seltjarnartang. Í Ytri-Seltjarnartanga eru tættur. Líklega hefur þar verið sel frá Grjótnesi.²⁹

²⁹ Ö-Grjótnes, 7.

Dys [2909-465] heimild

Í örnefnaskrá segir: „Suður af Tjarnarvíksholti er Góðimór. Milli hans og heimatúns er Hnoðradys; þar var hundur dysjaður.“³⁰ Hnoðradys sést ekki á vettvangi.

Óþekkt [2909-499] tóft

Hringlaga tóft sem er 6 x 5 m í þvermál, enginn augljós inngangur. Tóftin er staðsett vestan við veg, nokkru austar en sjóbúð [462], við vestugafl stærri tóftar [1032] og er einungis 1,5 m bil á milli.

Hættumat: engin hætta



Mynd 38. Tóft [499]. Horft vestur að fjöru (v.m.) og tjörn (h.m.).

Óþekkt [2909-1032] tóft

1 m austur af tóft [499] er aflöng tóft sem liggur austur – vestur, 14,5 x 8 m að stærð. Inngangur er austan megin.

Hættumat: engin hætta

³⁰ Ö-Grjótnes, 5.



Mynd 39. Tóft [1032].



Mynd 40. Dæld [1033]. Horft suðaustur.

Óþekkt [2909-1033] tóft

Um 20 m suðaustan við tóft [1032] er aflöng dæld eða niðurgröftur, um 11 x 2,5 m að stærð. Óvíst er af hverju þetta er.

Hættumat: engin hætta

Vatnsgata [2909-464] heimild

Í örnefnaskrá segir: „Frá bænum í Grjótnesi og upp að Kötluvatni lágu götur, sem nú eru að gróa og voru nefndar Vatnsgata.³¹

Smalabyrgi – Stórabyrgi [2909-466] heimild

Í örnefnaskrá segir: „Austur af Góðamó er Grænahlíð. Þar austar er grjótholt; á því er smalabyrgi, sem heitir Stórabyrgi.“³²

Kílsnes [2909-467] bæjartóft

Í örnefnaskrá segir: „Sunnan Bæjarvíkur er Kílsnestangi, og í honum eru bæjartættur eftir bæinn Kílsnes á sjávarbakkanum.“³³ Tóftir bæjarins eru enn greinilegar, sérstaklega á loftmynd. Grjóthleðslur sjást sums staðar í tóftinni og voru mæld inn sex rými. Sjálfur bæjarhóllinn er 31 x 17 m að stærð. Tóftirnar eru mjög nálægt fjörunni og því mikil hætta á að þær eyðileggist vegna ágangs sjávar.

Hættumat: hætta, vegna nálægðar við sjó.

³¹ Ö-Grjótnes, 4.

³² Ö-Grjótnes, 5.

³³ Ö-Grjótnes, 5.



Mynd 41. Flygildismynd af bæjartóft í Kílsnesi [467].

Útihús [2909-472] tóft

Tóft [472] er í túninu austur af Kílsnesi [467]. Hún liggur í dálítilli dæld, tæplega 8 x 3 m að stærð og opnast suður í átt að hafinu. Vegghæðin um 1 m þannig að hún er mjög áberandi í landslaginu. Líklega hefur þetta verið eitthvert útihús frá Kílsnesi.

Hættumat: hætta, vegna nálægðar við sjó



Mynd 42. Hluti bæjartófta í Kílsnesi [467].



Mynd 43. Tóft [472], austan megin í túni Kílsness [467].

Fjárhús [2909-473] tóft

Tóft [473] er 9 x 6,5 m að stærð og sést aðeins í grjót í henni. Hún er byggð utan við suðurenda túngarðsins [1018] við Kílsnes, liggur þvert á hann og snýr í suðvestur þannig að gengið hefur verið inn í hana frá túninu. Fyrir miðju tóftarinnar er garði og líklega hefur þetta verið fjárhús. Tóftin er mjög nálægt sjónum og því í mikilli hættu vegna ágangs sjávar.

Hættumat: hætta, vegna nálægðar við sjó



Mynd 44. Tóft [473] af fjárhúsi sem hefur verið byggt við suðurenda túngarðsins [1018] við Kílsnes.

Útihús [2909-474] tóft

Tóft [474] er skammt utan og austan við túngarðinn [1019] við Kílsnes. Hún er U-laga, 7 x 4 m að stærð og opin til suðurs, grjóthlaðin en grasi vaxin.

Hættumat: hætta, vegna nálægðar við sjó



Mynd 45. Tóft [474] skammt utan við túngarðinn [1019] við Kílsnes [467].



Mynd 46. Tóft [1017] innan túngarðs [1018] við fjárhús [473]. Hún er í mikilli hættu vegna nálægðar við sjó.

Útihús [2909-1017] tóft

Tóft af útihúsi er fyrir framan fjárhústóft [473], 1 m innan og vestan við túngarðinn [1018] við Kílsnes. Hún er ferningslaga og tæplega 5 x 5 m að stærð. Tóftin er aðeins um 7 metrum frá bakkanum og er því í mikilli hættu vegna ágangs sjávar.

Hættumat: hætta, vegna nálægðar við sjó



Mynd 47. Flygildismynd af útihúsatóftum og túngarði [1019] við Kílsnes [467]. Túngarðinn má sjá fyrir miðju og er fjárhús [473] byggt utan í hann (h.m.) og útihús [1017] við það rétt innan garðs. Útihúsatóft [472] er einnig innan við túngarðinn fremst á myndinni og skammt fyrir utan hann er útihúsatóft [474]

Túngarður [2909-1018 / 1019 / 1021] garður

Um 128 m langur túngarður liggur utan um Kílsnes, í laginu eins og L og nokkuð vel varðveittur. Norðan við bæjartóftirnar [467] liggur hann austur frá sjávarbakkanum [1021 / 1019]. Við fjöruna norðan við Kílsnes er fyrst svolítill túngarðsstubbur [1021], um 5 m langur sem er mjög illa farinn. Um 2 m bil er milli hans og framhaldsins af túngarðinum [1019] sem er samfellt. Sá

hluti túngarðsins sem er norðan túnsins er einungis hlaðinn úr grjóti. Túngarðurinn beygir síðan suðaustur [1019]. Innan í horninu þar sem hann beygir er tóft frá tvíhólfa mannvirki, um 9 x 8 m að stærð. Inngangur er í tóftina á suðausturhlið, næst túngarðinum og innangengt er milli hólfanna. Í milliveggnum sést vel í grjóthleðslu.

Túngarðurinn liggur síðan allt fram á sjávakakann sunnan megin við Kílsnes. Í syðri enda hans er aftur svolítið bil þar sem vegslóði liggur í gegn og hefur þar líklega verið hlið eða inngangur. Hinum megin við bilið er fjárhústóft [473] byggð utan í túngarðinn [1018] sem heldur áfram út frá henni um 11 m suður þar sem hann endar í fjörunni [1018]. Á þessum syðsta hluta sést að túngarðurinn er grjóthlaðinn. Hann hefur orðið fyrir skemmdum af völdum sjógangs. Báðir túngarðsendarnir eru í mikilli hættu vegna ágangs sjávar.

Hættumat: hætta við vesturenda [1021 / 1019] og suðurenda túngarðs [1018 / 1019] vegna nálægðar við sjó



Mynd 48. Brot [1021] af grjóthleðnum vesturenda túngarðsins við Kílsnes.



Mynd 49. Vesturendi túngarðsins [1021 / 1019] við Kílsnes.



Mynd 50. Tvíhólfa tóft í norðurhorni túngarðsins [1019] við Kílsnes [467].



Mynd 51. Syðsti hluti túngarðsins [1018] við Kílsnes.



Mynd 52. Flygildismynd af túngarðinum við Kílsnes. Efst á myndinni sést hinn grjóthlaðni hluti túngarðsins [1021 og 1019] sem liggur frá sjávarbakka norðan túnsins. Tvíhólfa tóft er innan í horninu þar sem túngarðurinn [1019] beygir og liggur áfram suðaustur að sjó.

Túngarður [2909-1020] garður

Um 30 m langur garður liggur frá norðurhorni bæjartóftar Kílsness [467] að túngarðinum [1019]. Hann er mjög yfirgróinn en sést í grjóthleðslur.

Hættumat: engin hætta



Mynd 53. Garður [1020] liggur milli bæjarhólsins [467] og túngarðs [1019] og skiptir túni Kílsness í tvennt.

Óþekkt [2909-1022] tóft

Milli tjarnar og fjöru, um 75 m norðvestur af túngarðinum [1019] við Kílsnesi er tóft sem liggur norðvestur – suðaustur, 7 x 5 m að stærð. Hún er hlaðin úr torfi og grjóti og er grjóthleðsla og inngangur í norðvesturenda hennar. Í tóftinni fannst stígvél.

Hættumat: engin hætta



Mynd 54. Tóft [1022] norðan við Kílsnes.

Óþekkt [2909-1023] tóft

Rétt rúmlega 7 m norður af tóft [1022] er önnur tóft sem liggur norðvestur – suðaustur. Hún er 9,5 x 6 m að stærð og hefur inngang í suðausturenda. Hún er staðsett um 7 m norðvestur af tóft [1022].

Hættumat: engin hætta

Óþekkt [2909-1024] tóft

Uppi á örlítilli hæð norðan tjarnar er nokkuð hringlaga tóft, um 13 x 12 m að stærð. Hún er torfi og sér í grjóti. Inni í henni mótar fyrir litlum garða og inngangur er vestan megin.

Hættumat: engin hætta



Mynd 55. Tóft [1023].



Mynd 56. Tóft [1024] er nokkuð frá fjörunni.

Óþekkt [2909-1025] tóft

Skammt norðaustan við tóft [1024] er lítil hringlaga tóft úr torfi sem er um 6 m í þvermál, með útgang í vestur.

Hættumat: engin hætta



Mynd 57. Lítil hringlaga tóft [1025].



Mynd 58. Tóft [1010] er á tjarnarbakka.

Óþekkt [2909-1010] tóft

Tóftir eru á grasi grónu svæði milli tjarnar og sjávar norðan við verbúðapýrpingu [1000-1007 / 1031] en austan við Kílsnes. Á vesturbakka tjarnarinnar er tóft sem liggur norðaustur – suðvestur og er um 16 x 7 m að stærð. Hún er úr torfi og grjóti og inngangur virðist vera á gaflinum sem snýr norðaustur að tjörninni.

Hættumat: hætta, vegna nálægðar við sjó og tjörn



Mynd 59. Tóft [1011] er mjög ógreinileg.

Óþekkt [2909-1011] tóft

9 m norðaustan við tóft [1010] er minni tóft, mjög óljós, um það bil 9 x 8 m að stærð, hugsanlega með inngang á norðausturhlið en hann er ógreinilegur.

Hættumat: hætta, vegna nálægðar við sjó

Óþekkt [2909-1012] tóft

9 m norður af tóft [1011] er tóft úr torfi sem er um 7 x 6 m að stærð með inngang til suðurs.

Hættumat: engin hætta



Mynd 60. Horft suður eftir grasi grónu eiði sem skilur milli tjarnar og sjávar. Fremst sést tóft [1012].



Mynd 61. Garðbrot [1013] við tjarnarenda.

Túngarður [2909-1013] og [2909-1014] garður

Tvö brot úr garðlagi eru í mýri við norðurenda tjarnar. Vestra brotið er 2 m að lengd en eystra brotið 5 m, bæði frekar illa farin.

Hættumat: hætta vegna mýrlendis



Mynd 62. Flygildismynd. Fremst má sjá stóra tóft [1015] með fjórum hólfum en aftar t.h. er minni tóft [1016].

Verbúðir? [2909-1015] tóft

Stærsta tóftin milli tjarnar og sjávar er einungis um 5 m frá fjörunni. Hún er um 13 m norðvestur af tóft [1011] en 4 m austan við tóft [1016], frekar óljós en um það bil 22 x 13 m að stærð. Hún hefur fjögur rými, tvö opnast suður að fjörunni og hið þriðja er með dyr sömu megin en í hið fjórða er gengið inn að vestanverðu. Þarna gætu hafa verið verbúðir. Tóftin er í hættu vegna sjógangs.

Hættumat: hætta, vegna nálægðar við sjó

Óþekkt [2909-1016] tóft

Um 4 metrum frá tóft [1015] er tóft úr torfi sem er um 7 x 7 m að stærð og opnast til suðurs að sjónum.

Hættumat: hætta, vegna nálægðar við sjó



Mynd 63. Tóft [1016] snýr að sjónum.

Fjárhús / fjárborg – Kílsnesborg [2909-468] og hlaða [2909-1009] tóftir

Í örnefnaskrá segir: „Upp af Borgarkrók er Kílsnesborg, gömul fjárborg.“³⁴ Tóftum af fjárhúsum er hins vegar lýst í *Sléttunga* II: „Torfhús, sem gátu hýst 200-300 fjár. Nú eru þau fallin. Veggir standa að einhverju leyti auk veggja steinsteyprtar hlöðu, næst tjörninni. Þessi fjárhús voru nýtt sem beitarhús frá Grjótnesi fram yfir 1960.“³⁵

³⁴ Ö-Grjótnes, 5.

³⁵ *Sléttunga* II, 2016, 108.



Mynd 64. Steinsteyppt hlöðutóft [2009] v.m. og fjárhústóft [468] hlaðin úr torfi og grjóti h.m.

Þarna er engin fjárborg en fjárhústóftin [468] stendur enn við suðurhorn tjarnar, á milli hennar og sjávar. Útveggur norðurhliðar sést ekki lengur og vesturhliðin er frekar óljós enda er hún hvað næst sjávarbakkanum og gæti því hafa eyðst af völdum sjógangs. Á hluta suðurhliðar og austurhlið eru grjóthleðslur en hin síðarnefnda er næst tjörninni. Frá norðurhorni tóftarinnar er um 1 m að tjörninni. Tóftin er 20 x 15 m að stærð og skiptist í tvö rými. Hið vestara er 13 x 6,5 m að stærð. Inngangurinn í það er ekki augljós en hefur mögulega verið í norðvesturhorninu. Austara rýmið er 10 x 7,5 m með inngang á suðausturhliðinni. Inni í rýminu eru tveir garðar. Í norðausturhorni fjárhústóftarinnar er steinsteyppt hlaða [1009], 8 x 4 m að stærð. Allar hliðar standa enn þá en þakið er fallið.

Hættumat: hætta, vegna nálægðar við sjó og tjörn



Mynd 65. Steinsteyppt hlaða [1009].



Mynd 66. Flygildismynd af fjárhústóft [468] hlaðinni úr torfi og grjóti og steinsteyptri hlöðutóft [1009].

Kálgarður? [2909-1008] tóft

Rétt sunnan við fjárhús [468] mótast fyrir tóft sem gæti verið kálgarður, 15 x 12 m að stærð. Staurar eru í hverju horni. Sunnar eru fleiri tóftir, líklega af verbúðum [1000 / 1001 / 1002 / 1003 / 1004 / 1005 / 1006 / 1007 / 1031].

Hættumat: hætta, vegna nálægðar við sjó



Mynd 67. Leifar af kálgarði? [1008].

Verbúðir? [2909-1000 / 1001 / 1002 / 1003 / 1004 / 1005 / 1006 / 1007 / 1031] tóftir

Suðaustan við fjárhús [468] og kálgarð [1008] og sunnan tjarnar er þyrping af tóftum sem gætu verið af verbúðum. Flestar eru úr torfi. Tóft [1006] liggur meðfram austurhlið kálgarðs [1008], norðvestur – suðaustur, um 20 x 10 m að stærð með inngang til suðausturs. Rétt suður af henni er tóft [1007] sem líka snýr norðvestur – suðaustur, um 19 x 12 m að stærð með inngang til vesturs í norðvesturenda tóftarinnar. Á suðurbakka tjarnarinnar, austur af tóft [1006] er tóft [1005] sem snýr norðaustur – suðvestur og er um 21 x 10,5 m að stærð. Tóftin hefur tvö lítil rými en engan augljósan inngang. Suður upp við hana er ógreinileg tóft [1004], frekar hringlaga, um 12 x 9,5 m

að stærð. Næst henni, austan megin, er tóft [1003] sem snýr norðaustur – suðvestur, um 13 x 9 m að stærð með inngang til suðvesturs. Þá tekur við tóft [1002] sem hefur tvö rými. Hið eystra snýr norðvestur – suðaustur, um 18,5 x 8 m að stærð, með inngang á norðvesturgafli en hið vestra snýr norðaustur – suðvestur, um 13 x 11 m að stærð, líka með inngang norðvestan megin. Tóft [1001] liggur meðfram eystra hólfinu í [1002] norðvestur – suðaustur og er um 16,5 x 9 m að stærð. Inngangur er á suðausturgafli. Austast er tóft [1000] sem snýr norðaustur – suðvestur, um 16 x 13 m að stærð. Inngangur er á suðausturhlið. Hún er hlaðin úr torfi og grjóti. Nokkuð norðan við þessa tóftaþyrpingu er loks torfhlaðin U-laga tóft [1031] með stefnu norðaustur – suðvestur og opnast suðvestur. Hún er 10 x 5 m að stærð.

Hættumat: engin hætta



Mynd 68. Flygildismynd af verbúðatóftum sunnan við tjörn. Efst v.m. á myndinni sést fjáhús [468] og hlaða [2009].

Útihús [2909-1029] og [2909-1030] tóftir

Milli fjöru og vegar, nær sjánum, en allnokkru norðvestan við bæjartóft Hrauns [480] er tóft [1029], 7,5 x 6 m að stærð. 5,5 m suður af tóft [1029] er önnur stærri tóft [1030] sem liggur norðvestur – suðaustur, 13 x 5,5 m að stærð. Hún skiptist í þrjú rými og er hið nyrsta 3 x 1,6 m að stærð, miðjurýmið 1,8 x 1,8 m og syðsta rýmið 2,3 x 2 m. Útgangar eru á þeim öllum og snúa suðvestur að fjörunni. Kannski hafa þetta verið útihús tengd sjósókn frá býlinu Hrauni [480].

Hættumat: engin hætta



Mynd 69. Tóft [1029].



Mynd 70. Tóft [1030].

Hraun – Bær [2909-480] tóft

„Hraun er gamalt eyðibýli, það er nú í landi Grjótness, en var í landi Leirhafnar til ársins 1891. Þar var búið í fáein ár, frá 1861-1874. Tóftir sjást þar.“³⁶ Tóftirnar eru í þýfðu lyngi vöxnu landi, mjög yfirgrónar en má sjá í þeim hleðslugrjót. Heildartóftin er 9 x 8 m að stærð og skiptist í fjögur rými. Innangengt er á milli þriggja rýma, þ.e. tveggja rýma norðan megin og vestra rýmis sunnan megin og er útgangur úr því í vestur. Sérinnangangur er í eystra rýmið að sunnan.

Hættumat: engin hættu

³⁶ *Sléttunga* II, 2016, 101.



Mynd 71. Fjórskipt tóft frá Hrauni [480], býli sem var í ábúð 1861-1874.



Mynd 72. Hvalgröf [1026]. Náttúrulegt?

Hvalgröf [2909-1026] dæld

Líklegast náttúruleg „dæld“ í jörðinni.

Sjómerki [2909-1027] varða

Allnokkuð sunnan við bæjartóft Hrauns [480], austan megin upp við veginn og vestan tjarnar er hlaðin varða, gulmáluð og steipt í toppinn. Þríhyrnd járnplata máluð appelsínugul hangir á járngjörð sem spennt er um toppinn á vörðunni. Varðan er um 2,5 m í þvermál og 3,7 m á hæð.

Hættumat: engin hætta



Mynd 73. Varða [1027].

Sjómerki [2909-1028] varða

Hlaðin og að hluta gulmáluð varða. Þríhyrnd járnplata máluð appelsínugul stendur á stöng upp úr steiptum toppi vörðunnar. Hún er um 2 m í þvermál og 3 m á hæð en 4 m með stönginni og járnplötunni.

Hættumat: engin hætta



Mynd 74. Varða [1028].

[Þjóðsaga – Bangsapúfa \[469\] heimild](#)

Í örnefnaskrá segir: „Sunnan við Hraunin er Bangsapúfa. Þar eru merki móti Leirhöfn. Þjóðsagan segir, að kona á Grjótnesi hafi mætt þar bjarndýri, og þar sem hún var ófrísk, lofaði hún að láta það, sem hún bæri undir belti sér, heita í höfuð dýrsins og efndi það.“³⁷ Hnit voru tekin þar sem talið er að þessi þúfa sé staðsett.


Hættumat: engin hætta

[Þýfugata / Þýfisgata \[471\] heimild](#)

Í örnefnaskrá segir: „Þá er svo að lokum austan við þetta Kjalarás, og þar eru Móar, hyrnan milli Jörfa og Kjalaráss, og um hana lá gata í gamla daga, sem hét Þýfugata. (Ath.: Björn segir, að Þýfisgata sé alltaf nefnd Þýfugata, en ekki Þýfisgata).“³⁸

³⁷ Ö-Grjótnes, 6.

³⁸ Ö-Grjótnes, 8.



Mynd 75. Túnakort Núpskötlu.

Núpskatla

Við gerð *Jarðabókar* árið 1712 var Núpskatla hjáleiga frá Oddsstöðum: „Nupskatla/ Vestare Vellenkatla]...afdeild einasta að túni ut supra. Landskuld xl íí landaurum til heimabóndans.

Leigukúgildi ekkert. Kvöð var skipsáróður ut supra. Fóðrast kunni i ungneyti, og er það ei talið heimajörðunni. Aftur má hjer byggja, ef fólk til fengist, jörðunni að skaðlausu.“³⁹



Mynd 76. Bæjarhóll Núpskötlu [500].

Núpskatla [2909-500] bæjarhóll

Í örnefnaskrá segir: „Bærinn stóð áður á eiði eða granda milli sjávar og Kötluvatns, en var á árunum skömmu eftir 1950 fluttur upp á brekkuna austan vatnsins sökum sjávangangs.“⁴⁰ Nánast engin ummerki eru eftir sjálfan bæinn en þarna er bæjarhóll á bakka vatnsins, um 25 x 20 m að stærð.

Hættumat: hætta, vegna nálægðar við sjó og Kötluvatn

Fjánhús [2909-501] tóft

Í örnefnaskrá segir: „Fjánhús var nokkru áður [vegna sjávangangs] búið að flytja úr heimatúni.“⁴¹ Á túnakorti eru þrjú hús fyrir utan bæjarhúsin og hefur fjárhúsið verið eitt þeirra.⁴² Tóftin af

³⁹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, XI, 1943, 419.

⁴⁰ Ö-Núpskatla, 1.

⁴¹ Ö-Núpskatla, 1-2.

vestasta útihúsinu á túnakortinu er enn sýnileg, á eiðinu milli sjávar og Kötluvatns, og var mæld inn sem fjárhús. Hún er mjög illa farin en er um það bil 18 x 10 m að stærð, full af sléttum steinum eins og þeim sem eru í fjörunni svo sjórinn hefur greinilega flutt þá með sér inn í tóftina í miklum sjógangi. Í norðvesturhorni hennar er hluti af steiptum vegg.

Hættumat: hætta, vegna nálægðar við sjó og Kötluvatn



Mynd 77. Fjárhústóft [501].

Lambhús [2909-502] tóft

Inn á túnakort er merkt hús austan bæjar [500].⁴³ Í ornefnaskrá segir: „Var austan við bæinn kallað Lambhúshóll austur að lambhúsi.“⁴⁴ Á þessum slóðum er óljós ferhyrnd tóft. Hún snýr norðaustur – suðvestur og er 9 x 7 m að stærð með útgang til suðausturs.

Hættumat: hætta, vegna nálægðar við sjó og Kötluvatn

⁴² Túnakort Núpskötlu.

⁴³ Túnakort Núpskötlu.

⁴⁴ Ö-Núpskatla, 2.



Mynd 78. Tóft af lambhúsi? [502].

Útihús [2909-503] tóft

Inn á túnakort er merkt hús norðaustur af fjárhúsi [501] en notkun þess er óþekkt.⁴⁵ Þarna er lítil tóft sem snýr norðvestur – suðaustur og er 6,5 x 4 m að stærð. Hún er full af grjóti eins og það sem er að finna í fjörunni svo sjórinn hefur líklega fært það yfir í miklum sjógangi.

Hættumat: hætta, vegna nálægðar við sjó og Kötluvatn

⁴⁵ Túnakort Núpskötlu.



Mynd 79. Tóft [503] full af fjörugrjóti sem sjórin hefur varpað í hana.

Lautinantsvarða – landamerki [2909-504] og varða – landamerki [2909-505] heimild

Í ornefnaskrá stendur: „Að vestan og byrjað nyrzt, úr miðri Hvalgjá, sem gengur norðaustan í Rauðanúp, yfir miðjan Ketil, í Lautinantsvörðu [504], sunnan við ketilinn, þaðan í vörðu [505] við Núpshala.“ Lautinantsvörðu „hlóðu danskir landmælingamenn, líklega um 1820.“⁴⁶ Til er önnur Lautinantsvarða í landi Leirhafnar, kennd við lautinant Born, sem hér var á ferðinni í sambandi við landmælingar upp úr aldamótunum 1800.⁴⁷ Líklega er varðan á merkjum Núpskötlu kennd við sama lautinant.

Heimastavarða [2909-506] heimild

Í ornefnaskrá segir: „Nyrst á bjargbrúninni er ofurlítill hóll og á honum smávarða, kölluð Heimstavarða.“⁴⁸

⁴⁶ Ö-Núpskatla, 2, 4.

⁴⁷ Ö-Leirhöfn, 4.

⁴⁸ Ö-Núpskatla, 5.

Miðvarða [2909-507] varða

Í örnefnaskrá segir: „Dálítinn spöl suðaustur af Litlahvammi er töluverð Klettahæð, á norðvesturhorni hennar stendur varða, sem heitir Miðvarða, er hæðin dregur nafn sitt af og heitir Miðvörðuhæð.“⁴⁹

Stekkur [2909-508] heimild

Í örnefnaskrá segir: „Nokkuð sunnan við Stekkjarnef gengur inn vík, sem heitir Stekkjarvík. Upp frá því var stekkur frá Kötlu, er búið að slétta úr honum.“⁵⁰ Engin ummerki fundust um stekkin en hnit voru tekin þar sem hann var talinn hafa verið.

Hættumat: engin hætta



Mynd 80. Stekkur [508] hefur líklega verið á þessum slóðum.

Fremstavarða [2909-509] varða

Á korti í *Sléttungu* II er merkt inn Fremstavarða vestan við Kötluvatn.⁵¹

Hlaða, reykhus, grafreitir [2909-510] tóft

„Hlaðan var um tíma nýtt sem reykhus. Haustið 1960 var brugðið á það ráð að innrétta hlöðuna fyrir kindur. Þegar grafið var fyrir stoðum komu í ljós mannabein. Nokkrar hauskúpur voru þar

⁴⁹ Ö-Núpskatla, 5.

⁵⁰ Ö-Núpskatla, 7.

⁵¹ *Sléttunga*, II, 2016, 100.

ásamt fleiri beinum m.a. lærleggur. Haft var samband við Þjóðminjavörð og vildi hann lítið sinna málinu og eru beinin enn á sínum stað. Af hlöðunni standa í dag einungis veggirnir.“⁵²

Þetta er í túni allnokkuð norðaustan við bæjartún Núpskötlu, milli tveggja lítilla tjarna, vestan við Stekkjarnef. Þarna er nú grjóthlaðin bygging með stefnu suðvestur – norðaustur, 16 x 13 m að stærð, með steiptum gördum. Yfir gördunum tveimur eru viðarstaurar sem halda uppi leifum af þakinu beint yfir þeim. Inni í miðri byggingunni er grjóthlaðinn veggur sem aðskilur garðana tvo. Á norðausturhlíðinni er veggurinn steiptur ofan á grjóthleðslunni. Tvö op eru á þeim vegg þar sem garðarnir koma tengjast veggnum. Við vesturhornið virðist vera lítil viðbygging úr torfi sem er 7 x 4 m að stærð. Inngangar bæði í stærra húsið og viðbyggingu eru suðvestan megin. Ekki fundust nein mannabein á staðnum.

Hættumat: engin hætta



Mynd 81. Þarna var hlaða og reykhus [510] og að sögn fundust mannabein þegar grafið var fyrir stoðarholum.

Túngarður [2909-511] garðlag

Á túnbleðli við litla vík sunnan við smátjörn er mjög illa farinn túngarður sem liggur að hluta meðfram vegslóða, um það bil 150 m langur. Garðurinn er rétt vestan svæðisins þar sem stekkur [508] gæti hafa verið.

Hættumat: engin hætta

⁵² Sléttunga, II, 2016, 160.



Mynd 82. Leifar af illa förnum túngarði [511] sem liggur að hluta meðfram vegi.



Mynd 83. Túngarðsbrot [513] alveg upp við Kötluvatn.

Túngarður [2909-512] og [2909-513] garðlag

Austan við bæjartún Núpskötlu [500] liggur illa farinn túngarður norður frá Kötluvatni í átt að sjánum. Hann hefur verið hlaðinn úr grjóti, en er frekar siginn og óljós. Túngarðurinn skerst sundur af vegslóða sem fer gegnum hann og brotið [513] sem er næst Kötluvatni 4,5 m langt en framhaldið [512] er 38 m.

Hættumat: hætta, vegna nálægðar við sjó og Kötluvatn



Mynd 84. Framhald túngarðs [512] sem liggur norður frá Kötluvatni í átt að fjöru.

Útihús [2909-514] tóft

Í túninu á norðurbakka Kötlutjarnar, miðja vegu milli bæjahóls Núpskötlu [500] og fjárhústóftar [501] er mjög lítil hringlaga tóft, einungis um 2,5 m í þvermál. Útgangur snýr norður í átt að sjánum.

Hættumat: hætta, vegna nálægðar við sjó og Kötluvatn



Mynd 85. Lítil hringlaga tóft [514], sennilega af einhverju útihúsi.

Húsgrunnur [2909-516] steypur grunnur

Á bæjarhól Núpskötlu [500] er steypur rétthyrndur grunnur, 6 x 5 m að stærð.

Hættumat: hætta, vegna nálægðar við sjó og Kötluvatn

Hundakofi? [2909-517] steypur grunnur

Fast norðan við lambhústóft [502] er illa farinn steypur grunnur, um 7 x 5 m að stærð. Samkvæmt Veru Sigurðardóttur frá Oddsstöðum sem fædd var á Núpskötlu gæti þarna hafa staðið kofi sem var notaður til þess að geyma hundana úr sveitinni á meðan þeir voru ormahreinsaðir.

Hættumat: hætta, vegna nálægðar við sjó og Kötluvatn



Mynd 86. Húsgrunnur [516] með steiptum köntum á bæjarhól Núpskötlu.



Mynd 87. Grunnur frá hundakofa? [517].

Sjóbúð? [2909-515] tóft

Fast norðaustan við tóft [503] er lítil hringlaga tóft full af grjóti um 1,6 m í þvermál.

Hættumat: hætta, vegna nálægðar við sjó og Kötluvatn



Mynd 88. Lítil hringlaga tóft [515], kannski af sjóbúð.

Útihús [2909-518] tóft

Í eystri enda bæjartúns Núpskötlu, norðaustan hundakofa [517] en norðan túngarðs [519] við Kötluvatn er ógreinileg tóft, um 10 x 8 m að stærð. Úgangur er til suðausturs.

Hættumat: hætta, vegna nálægðar við sjó og Kötluvatn

Túngarður [2909-519] garðlag

Meðfram Kötluvatni norðanverðu, alveg upp við vatnið og vestur frá túngarði [512 /513] liggur um 32 m langur túngarður úr torfi, nokkuð siginn.

Hættumat: hætta, vegna nálægðar við sjó og Kötluvatn



Mynd 89. Ógreinileg tóft [518] frá einhverju útihúsi.




Mynd 90. Túngarður [519] sem liggur meðfram Kötluvatni.

Sigurðarstaðir

Í *Jarðabók* árið 1712 segir: „Bænhús er sagt hér hafa verið að fornu verið sem af sé fallið fyrir manna minni. Jarðardýrleiki xv ϕ , og svo tíundast presti og fátækum. Eigandi er x ϕ beneficium Grenjaðarstaður. Eigandi að v ϕ beneficium Múli í Reykjadal. Ábúendur Jón Ólafsson, Magnús Bjarnason, á hálfri hver. Landskuld engin þett ár ákveðin, þar fyrir lá jörðin í eyði í fjögur ár, þar fyrir seinast byggð var, xl álnuir, þar fyrir níutúi álnir og ekki meiri, þar nálægir til vita. Betalaðist með fiski hér heima eður fiskatali í kaupstað eður peningum úppá landsvísu eftir proportion. LEigukúgildi nú engin, fyrir bóluna ii, að fornu iiiii, og er sagt að hvörjum partinum hafi fylgt ii. Leigur betöluðust venjulega með fiski hér heima eður landaurum þá fisksskortur varð. Kvaðir öngvar og hafa ei áður verið, það nálægir vitaa. Kvikfé Jóns i kýr, i kálfur, xviii ær, viii sauðir tvævetrir og eldri, v veturgamlir, iii lömb, ii hestar. Kvikfé Magnúsar iii kýr, i kálfur, xxxvi ær, xvii sauðir tvævetrir og eldri, vi veturgamlir, x lömb, i hestur. Fóðrast kann i kýr, en áður en jörðin eyddist fyrir nokkrum árum ii kúa þungi. ,utigangnur í fjörunni og á landi í betra lagi og bregst ekki í meðalárum fyrir rosíð fé, en lömb þurfa jafnan heystyrk. Hestaganga í betra lagi. Torfrista og stunga nýtileg. Fjalldrapa og víðirrif lítið til heystyrks. Elt er morviði af rekanum. Silungsveiði gegnvæn með lagnetjum í Sigurðarstaðavatni. Eggver af kríu í tveimur hólum í sama vatni, mjög klítið. Grasþekja bjargleg fyrir heimilið. Rekavon góð, heppnast misjaft eftir árferði, og njóta ábúendur leiguleiðagagna. Túnið er spilt af langvarandi órækt. Engja röngvar nema hvað hent er út foræða rauðbeyskingsmýrum. Úthagar eru nægir. Hætt er kvikfé og haust fyrir tjörnum. Kirkjuvegur frek hálf þingmannaleið til Presthóla, og sækir fólk sjaldan kirkju á vetur, nema þegar embættað er á Grjótnesi. Heimræði er hér og skipsuppsátur gott, en lending mjög brimsöm og verða því svipul aflabrögðin, gegnur hér nú eitt skip ábúenda.“⁵³

⁵³ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*, XI, 1943, 338-339.



Mynd 91. Túnakort Sigurðarstaða frá 1920.

Sigurðarstaðir [2909-650] heimild

Í örnefnaskrá segir: „Sigurðarstaðir eru næsta jörð austan Oddsstaða. Bærinn stendur milli sjávar og Sigurðarstaðavatns. [...] Íbúðarhúsið, sem nú er, stendur fast sunnan við, þar sem gamli bærinn stóð.“⁵⁴ Sigurðarstaðavatn skiptist í Vesturvatn, Heimavatn í miðið og Austurvatn og var mjór ós milli Vesturvatns og Heimavatns. Bæjastæðið er norðan við Heimavatn, sunnan þjóðveggarins sem liggur milli vatnanna og sjávar. „Gömu bæjarhúsin voru rifin árið 1947, það voru torfhús með fjórum burstum sem snéru vestur og hlað framan við. Nyrst var fjós og hesthús og svo hlaða.“⁵⁵ Miðað við þessa lýsingu hefur eldra bæjarstæði verið sunnan við núverandi bæ og hefur því væntanlega að hluta horfið undir nýrri íbúðarhús. Þarna sést ekkert á yfirborði en minjar gætu leynst undir sverði og var bæjastæðið hnitsett.

⁵⁴ Ö-Sigurðarstaðir AG, 2.

⁵⁵ Sléttunga II, 210.

Útihús [2909-665]

Á túnakorti er merkt inn hús rétt austan við bæjarhúsið.⁵⁶ Staðsetning þessa húss hefur verið fundin.

Lambhús [2909-664] heimild

Á túnakorti er merkt inn stórt hús fast upp að túngirðingu.⁵⁷ Í *Sléttungu* II stendur: „Nú eru þar fjárhús og hlaða.⁵⁸ Húsið var staðsett.

Kirkjuhóll [2909-654] heimild

Í örnefnaskrá segir: „Austur af bænum, rétt hjá honum í túninu er Kirkjuhóll, en hér hafði verið bænhus fyrir 1712. Nú hefur verið sléttað úr Kirkjuhól.“⁵⁹ Ekkert sést lengur af Kirkjuhól en tekin voru hnit þar sem líklegt er að hann hafi verið.

Fjárborg [2909-651] heimild

Í örnefnaskrá segir: „Tveir tangar ganga samhliða á milli Heimavatns og Vesturvatns [...] Sá vestari (tanginn) heitir Borgartangi og dregur nafn af fjárborg, sem var úti á mölinni norður af honum.“⁶⁰ Fjárborgin fannst ekki á vettvangi en hefur verið skammt frá sjá, norðan þjóðveggar og voru þar tekin hnit.

Langabrá [2909-652] brú

Samkvæmt örnefnaskrá heitir austari tanginn við Sigurðarstaðavatn, Brúartangi: „Sá austari heitir Brúartangi. Þar er vatnið brúað fram af odda hans.“⁶¹ „Brúin heitir Langabrá.“⁶² Enn er brú frá Brúartanga milli tjarna og voru tekin hnit.

Rjómastaðir – geitakofi [2909-653] heimild

Í örnefnaskrá segir: „Sunnan vatnsins, á bakkanum suður af Flötutöpp, var byggður um 1930 geitakofi. Lítill arður var af geitum í þeim kofa, og var það í skopi nefnt Rjómastaðir. Tóftir einar eru nú eftir, en nafnið helst ennþá.“⁶³ Staðsetningin hefur verið sunnan við Heimavatn.

⁵⁶ Túnakort Sigurðarstaða.

⁵⁷ Túnakort Sigurðarstaða.

⁵⁸ *Sléttunga*, II, 2016, 205.

⁵⁹ Ö-Sigurðarstaðir AG, 2.

⁶⁰ Ö-Sigurðarstaðir AG, 2.

⁶¹ Ö-Sigurðarstaðir AG, 2.

⁶² *Sléttunga* II, 205.

Vörður og leið [2909-655] heimild

Í örnefnaskrá segir: „Leiðin í Oddsstaði var vörðuð yfir Sigurðarstaðaholt. Lá vörðuleiðin á milli þessara Miðleiða, sem voru smápúfur, sem ber yfir móana í kring. Syðra-Miðleiðið er aðeins hærri. Leið í Oddsstaði frá Sigurðarstöðum var sögð hálfnuð um þessi Miðleiði.“⁶⁴

Torfastaðir [2909-656] bæjarstaði

Í *Jarðabók Árna og Páls* er sagt frá mögulegu eyðibýli: „Torfastaðir kallast girðingar út með sjónum, það ætla nokkrir að sé fornt eyðiból þó túnstæði sé ekki stórt. Ekki má hér aftur byggja fyrir heyskaparleysi, túnið er og komið í rótleysumóa og flög.“⁶⁵ Í örnefnaskrá segir: „Nátthaginn er valllendisbakkar, slétt land, allmikið gróið. Suður af honum, við botn lónanna, er eyðibýlið Torfastaðir, en mjög er langt síðan þar var búið.“⁶⁶ Torfastaðir hafa verið við ströndina, austan lóna og allnokkuð norðvestar en Strandarsel. Þeir hafa verið staðsettir.

Útihús [2909-657] tóft

Á loftmyndum sést tóft um 60 m fyrir norðvestan Torfastaði [656] sem gæti hafa tengst þessu býli.

Strandasel – Sigurðarstaðasel [2909-658] heimild

Í *Jarðabók Árna og Páls* er sagt frá býlinu Strandaseli eða Sigurðarstaðaseli: „Sigurðarstaða Sel eður Stranda Sel og Þorbjarnarstaðir heita tvær hjáleigur, sem eyðilögðust í því mikla hallæris mannfalli, sem hér varð fyrir 38 árum, og hafa síðan ekki aftur byggst. Byggingarkosti vita nálægir ekki að undirréttu, með því hjáleigurnar hafa svo lengi í eyði legið. Ekki má þessar hjáleigur aftur byggja. Því túnstæði er ekkert á Strandarseli teljandi, en hitt er komið í grasleysu óræktarmó“⁶⁷ Í örnefnaskrá segir: „Milli lónanna og Strandaselstjarnar er eyðibýlið Strandasel á svolitlum hól, sem nú er alltaf kallaður Strandaselshóll.“⁶⁸ Þetta er við ströndina allnokkuð norður frá enda Vesturvatns Sigurðarstaðavatns en þar er Strandaselstjörn sunnar en Lónin norðar. Strandasel hefur verið staðsett við ströndina norðan tjarnarinnar sem kennd er við það.

⁶³ Ö-Sigurðarstaðir AG, 2.

⁶⁴ Ö-Sigurðarstaðir AG, 3.

⁶⁵ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*, XI, 1943, 339.

⁶⁶ Ö-Sigurðarstaðir AG, 4.

⁶⁷ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*, XI, 1943, 339.

⁶⁸ Ö-Sigurðarstaðir, AG, 4.

Langhúsaborg – Vesturborg [2909-659] heimild um fjárborg

Í örnefnaskrá árið 1966 segir: „Þar sunnar, vestur af Sigurðarstaðabáru, var hin forna Langhúsaborg (á seinni árum nefnd Vesturborg). Þar við var byggt nýbýlið Brúnir, nú í eyði.“⁶⁹ Á korti í *Sléttungu* II heitir þessi staður Gömluborgir. Þetta er skammt frá sjó norðan þjóðveg, sa. miðja vegu milli Strandaselsvatns og enda Vesturvats Sigurðarstaðavatns.



Mynd 92. Tóftir Þorbjarnarstaða [660].

Þorbjarnarstaðir [2909-660] býli – sel

Í *Jarðabók* Árna og Páls er sagt frá býlinu Þorbjarnarstöðum: „Sigurðarstaða Sel eður Stranda Sel og Þorbjarnarstaðir heita tvær hjáleigur, sem eyðilögðust í því mikla hallæris mannfalli, sem hér varð fyrir 38 árum, og hafa síðan ekki aftur byggst. Byggingarkosti vita nálægir ekki að undirréttu, með því hjáleigurnar hafa svo lengi í eyði legið. Ekki má þessar hjáleigur aftur byggja. Því túnstæði er ekkert á Strandarseli teljandi, en hitt er komið í grasleysu óræktarmó.“⁷⁰ Í örnefnaskrá segir: „Vestan við Sigurðarstaðavatn er eyðibýlið Þorbjarnarstaðir, fóru í eyði

⁶⁹ Ö-Sigurðarstaðir, AG, 4.

⁷⁰ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*, XI, 1943, 339.

1676.“⁷¹ Heilmiklar tóftir eru á vesturbakkanum við Vesturvatn Sigurðastaðavatns, sýnilegar á vettvangi og sjást vel á loftmyndum. Þessar tóftir þarf að kanna betur. Þarnar eru auk þess tóftir frá útihúsum [668 / 669 / 670 / 671 / 672] og túngarði [667] og mynda saman merkilega minjaheild.



Mynd 93. Heilmiklar tóftir eru þar sem Þorbjarnarstaðir [660] voru.



Mynd 94. Tóftir Þorbjarnarstaða [660].

⁷¹ Ö-Sigurðarstaðir, AG, 4.



Mynd 95. Túngarður [667] Þorbjarnarstaða [660] er mjög ógreinilegur en þó sýnilegur.

Túngarður [2909-667] garðlag

Túngarður liggur utan um tún Þorbjarnarstaða [660] og liggur í sveigju frá norðri í austur og ná endarnir að Austurvatni. Túngarðurinn er mjög óljós og erfitt að sjá hversu breiður hann er í þýfðu landslaginu. Hann er um 250 m að lengd.

Útihús [2909-668] tóft

Sunnan við bæjartóftir Þorbjarnarstaða [660], á bakka vatnsins, 8,5 m innan við syðri enda túngarðsins [667], er tvíhólf tóft, 10 x 7 m að stærð, sem liggur austur – vestur. Gegnt er milli rýmanna en enginn augljós inngangur í tóftina. Þetta hefur væntanlega verið eitthvert útihús frá Þorbjarnarstöðum.



Mynd 96. Tóft [668] á bakka Sigurðarstaðavatns, rétt norðan við syðri enda túngarðsins [667] á Þorbjarnarstöðum [660].

Útihús [2909-669] tóft

Suðvestan við tóft [668] er önnur útihúsatóft, áföst túngarðinum [667] að utan þannig að hann myndar norðurhlið hennar. Tóftin er um 16 m frá túngarðsendanum sem liggur að vatninu. Stefnan er norðvestur – suðaustur og hún er um 8,5 x 6 m að stærð með tveimur rýmum en hefur engan augljósan inngang.

Útihús [2909-670] tóft

Þriðja útihústóftin er 19 m vestur af tóft [669] og er líka tengd við túngarðinn utanverðan á þann hátt að hann myndar norðausturhlið hennar. Tóftin liggur því norðvestur – suðaustur eins og túngarðurinn, 13,5 x 5 m að stærð, en inngangur er á langhlið suðvestan megin. Tvö rými eru í tóftinni og gengt á milli þeirra.



Mynd 97. Tóft [669] af útihúsi sem byggt hefur verið utan í túngarðinum [667].



Mynd 98. Tóft [670] er byggð utan í túngarð Þorbjarnarstaða [660].



Mynd 99. Tóft [671] fremst, tengd túngarðinum [667] sem sést liggja á ská niður að vatni lengra í burtu.

Útihús [2909-671] tóft

Fjórða útihústóftin er um 30 m norðvestur af tóft [670] og er líka tengd við túngarðinn [667]. Hún snýr norðvestur – suðaustur og er um 24 x 8,5 m að stærð, hefur fjögur rými en engan augljósan inngang.

Útihús [2909-672] tóft

Í túninu fast norðan við bæjartóftir Þorbjarnarstaða [660], upp við hús merkt Esso sem er í niðurníðslu, er þríhólf tóft, um 9,5 x 9 m að stærð. Innangengt er á milli tveggja rýma en dyr eru á báðum eystri rýmunum á austurhlið og snúa því að bænum.



Mynd 100. Tóft [672] norðan bæjartóftar [660] og upp við gamalt Esso hús.

Beitarhús [2909-661] tóft og kvíar [2909-662] heimild

Nokkuð inni í landi, suður af Sigurðarstöðum, er „Syðra-Fiskivatn, lítið vatn.“ Í örnefnaskrá segir: „Vestur af því hækkar landið, og heita þar Beitarhúsabrunir (sjá síðar); þar eru Beitarhús. Rétt fyrir norðan þau er dalverpi, sem heitir Kvíar. Þess skal geta um Beitarhúsin, að þau eru nú aðeins grónar rústir.“⁷² Beitarhúsin voru nokkuð inni í landi, suður af Sigurðarstöðum. Á loftmynd virðist mega sjá tóftir og voru tekin hnit. Engar kvíar voru sýnilegar en þær voru staðsettar miðað við lýsingu.

Svarðarmýri – mógrafir [2909-663] heimild

Í örnefnaskrá segir: „Norðan við Svarðarlæk er Svarðarmýri. Vestan við Svarðarmýri er svo Svarðarmelur.“⁷³ Í *Sléttungu* II er sagt frá því að þarna hafi verið mógrafir og leifar af gömlum svarðarhlaða voru vel sýnilegar árið 1940.⁷⁴

⁷² Ö-Sigurðarstaðir AG, 5.

⁷³ Ö-Sigurðarstaðir AG, 5.

⁷⁴ *Sléttunga*, II, 2016, 205.

Svarðarholt – mógrafir [2909-666] heimild

Í örnefnaskrá segir: „Austan við túnið er Svarðarholt.“⁷⁵ Í *Sléttungu* II stendur að mótekja hafi verið stunduð á tanganum austan við bæinn og að þar hafi verið gamlar mógrafir.⁷⁶ Tekin voru hnit þar sem mógrafirnar voru.

Samantekt

Minjar voru mældar upp í Grjótnesi, Núpskötlu, á Oddsstöðum og Sigurðarstöðum og staðsettar á Daðastöðum, Arnarstöðum, Presthólum, Katastöðum, Valþjófsstöðum, Brekku, Kópaskeri, Snartarstöðum, í Leirhöfn, Blikalóni, Rífi, Skinnalóni, á Ásmundarstöðum, Harðbaki og í Rauфарhöfn. Heimildasöfnun og úrvinnsla fór fram fyrir allar þessar nítján jarðir en í skýrslunni er sérstaklega fjallað um Grjótnes, Núpskötlu og Sigurðarstaði. Megináhersla var lögð á svæðið meðfram strandlengju Melrakkasléttu en minjar voru þó einnig mældar eða staðsettar lengra inni á Sléttunni. Ekki kemur á óvart að minjar um sjósókn og verbúðarlíf einkenna svæðið en mældar voru upp fjölmargar verbúðir og sjóbúðir. Í nágrenni bæjarstæða er auk þess að finna dæmigerðar landbúnaðarminjar svo sem túngarða, fjárhús, beitarhús, stekki, smalabyrgi, hesthús, matjurtagaða o.fl. Heimildir eru einnig um bænhus á svæðinu. Þá má nefna að sums staðar finnast heillegar minjaheildir kringum eyðibýli og eru Kílsnes [467] á Grjótnesi og Þorbjarnarstaðir [660] á Sigurðarstöðum dæmi um það.

Íslenskar verstöðvar eru mikilvægt rannsóknarefni og með verkefninu er lagður grunnur að frekari rannsóknum á sjósókn og sjávarnytjum við Melrakkasléttu. Þær rannsóknir sem þegar hafa verið gerðar á verstöðum og verstöðvum frá landnámstíma á Siglunesi við Siglufjörð og Sandvík á Ströndum og mið - síðmiðalda verstöðinni að Gufuskálum birta athyglisverða mynd sem ekki virðist samræmast þeirri söguskoðun sem hingað til hefur verið almenn, að verstöðvarlífið hafi einkennst af mikilli vosbúð og vesæld. Þvert á móti hefur smám saman komið fram ný mynd þar sem nóg virðist hafa verið að bíta og brenna í veri, bestu bitarnir hafi farið í verskrínurnar og að margskonar handverk og smíðar úr verðmætum hráefnum hafi farið um hendur verfólks. Samanburðarefni vantar fyrir þessar rannsóknir en með þessu verkefni hefur verið lagður grunnur að því.

⁷⁵ Ö-Sigurðarstaðir AG, 4.

⁷⁶ *Sléttunga*, II, 2016, 205.

Niðurstöðurnar má nota til að þróa frekari rannsóknir á verminjum svæðisins, með það fyrir augum að bera saman við rannsóknir sem þegar eru í gangi á sjósókn og sjávarútvegi Íslendinga frá upphafi landnáms. Þær má einnig tengja við önnur þekkt svæði þar sem fornleifarannsóknir hafa farið fram á minjum um sjósókn og vinnslu sjávarnytja og er þá meðal annars horft til Sandvíkur á Ströndum og Gufuskála á Snæfellsnesi.

Skráningin er jafnframt mikilvægur hlekkur í því átaki minjayfirvalda að skrásetja fornleifar við strendur landsins en þegar þeirri skráningu lýkur og komnar eru upplýsingar um fjölda, tegund og staðsetningu minja í hættu verður mögulegt að ráðast í forgangsörðun á verndun strandminja. Skráningin ætti auk þess að geta nýst minjayfirvöldum við áætlanagerð um verndun minja vegna lofstlagsbreytinga.

Heimildir

Íslensk fornrit, I. (1968). Jakob Benediktsson sá um útgáfuna. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, XI. (1943). Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag.

Oddgeir Hansson. (2008). *Aðalskráning fornleifa á Oddstöðum á Melrakkaslétu*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Sléttunga, II: *Safn til sögu Melrakkaslettu. Fólk og býli*. (2016). Níels Árni Lund (ritstj.). Skrudda.

Örnefnaskrár:

Ö-Grjótnes og Kílsnes: Örnefnalýsing Grjótness og Kílsness.

Ö-Núpskatla: Örnefnalýsing Núpskötlu.

Ö-Sigurðarstaðir AG: Örnefnalýsing Sigurðarstaða. Ara Gíslason skráði

Ö-Sigurðarstaðir SS: Örnefnalýsing Sigurðarstaða. Skúli Skúlason skráði.

Túnakort:

Túnakort Grjótness.

Túnakort Núpskötlu.

Túnakort Sigurðarstaða.

Oddsstaðir

Oddsstaðir hafa verið skráðir í skýrslunni Aðalskráning fornleifa á Oddstöðum á Melrakkaslétu eftir Oddgeir Hansson.⁷⁷ Allar minjar á Oddsstöðum voru mældar upp núna og staðsettar.

- [550] Oddsstaðir (1262-1)
- [551] Hlaða (1262-41)
- [552] Útihús Lásatóft (1262-15)
- [553] Tóft (1262-50)
- [554] Fjánhús (1262-46)
- [555] Hlaða (1262-47)
- [556] Hesthús (1262-16)
- [557] Lambhús (1262-4)
- [558] Smiðjuhóll (1262-2)
- [559] Tóft (1262-3)
- [560] Legstaður (1262-5)
- [561] Tóft (1262-67)
- [562] Garður (1262-40)
- [563] Tóft (1262-60)
- [564] Útihús – Jónasarkofi (1262-38)
- [565] Hlaða (1262-37)
- [566] Tóft (1262-39)
- [567] Hrútakofi (1262-42)
- [568] Tóft (1262-48)
- [569] Leikvöllur (1262-31)
- [570] Kálgarður (1262-43)
- [571] Mógrafir (1262-45)
- [572] Tóft (1262-69)
- [573] Tóft (1262-68)

⁷⁷ Oddgeir Hanson, 2008

- [574] Leið (1262-44)
- [575] Sel (1262-34)
- [576] Tóft (1262-75)
- [577] Tóft (1262-76)
- [578] Tóft (1262-78)
- [579] Tóft (1262-79)
- [580] Tóft (1262-77)
- [581] Náttthagi (1262-35)
- [582] Tóft (1262-49)
- [583] Uppsátur (1262-36)
- [584] Lending (1262-6)
- [585] Skotbyrgi (1262-7)
- [586] Stekkur (1262-8)
- [587] Brú (1262-9)
- [588] Lending (1262-12)
- [589] Tóft (1262-51)
- [590] Fjárborg (1262-13)
- [591] Tóftaþyrping (1262-58) (627-649)
- [592] Stekkur (1262-14)
- [593] Tóft (1262-59)
- [594] Móatóft (1262-10)
- [595] Tóft (1262-17)
- [596] Tóft (1262-70)
- [597] Tóft (1262-71)
- [598] Tóft (1262-72)
- [599] Tóft (1262-74)
- [600] Tóft (1262-73)
- [601] Varnargarður (1262-57)

- [602] Kolagröf (1262-18)
- [603] Tóft (1262-56)
- [604] Tóft (1262-55)
- [605] Sökkull frá 20.öld
- [606] Tóft (1262-54)
- [607] Kálgarður (1262-53)
- [608] Verbúð (1262-23)
- [609] Verbúð (1262-24)
- [610] Verbúð (1262-25)
- [611] Verbúð (1262-22)
- [612] Verbúð (1262-21)
- [613] Tóft (1262-64)
- [614] Túngarður (1262-65)
- [615] Tóft (1262-63)
- [616] Tóft (1262-62)
- [617] Bær (1262-19)
- [618] Tóft(1262-61)
- [619] Torftökustaður (1262-66)
- [620] Örnefni – Skálaneshörgur (1262-81)
- [621] Örnefni - Dimmatjörn (1262-20)
- [622] Mógrafir (1262-52)
- [623] Örnefni- Hjallur (1262-11)
- [624] Legstaður/eyktarmark (1262-26)
- [625] Millivatnavegur (1262-33)
- [626] Vatnsendi – Bær